

Nafnorð með viðskeyttum greini hafa því flust í ákveðnisætið og sameinast ákveðniorðinu (bráðnað saman við það, sbr. einnig Hellan 1986:102-103). Í íslensku er þessi samruni Á+N alvanlegur og skiptir þá engu máli hvort með N stendur lo. (=L) en í hinum skandinavísku málunum hindrar L samruna á N+L. Þá er misjafnt eftir málum/mállýskum hvort greinirinn birtist einvörðungu í stöðu Á (=laus) eða hvort greinirinn birtist laus í Á og viðskeytur á N (=tvöföld ákveðni). Breytileikann í skandinavískum málum er hægt að setja óformlega fram líkt og í (6) (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 2006):

(6)	(L+N) – ákv. gr.	L	N (+ákv. gr.)
<i>danska</i>	bøger-ne		←
<i>íslenska</i>	bækur-nar		←
<i>sænska</i>	böcker-na		←
<i>danska</i>	de	røde	bøger
<i>(íslenska)</i>	hinar	rauðu	bækur)
<i>sænska</i>	de	röda	böcker-na
<i>íslenska</i>	rauðu bækur-nar	←	←

Önnur leið, sem farin er í norður-skandinavísku, er að bræða saman L og N með viðskeyttum greini, þ.e. *gamm-biln* (sbr. t.d. Delsing 2003:44). Færeyska og norska fylgja hér sænsku að ofan þar sem samruni verður á Á+N, þ.e. viðskeyttur greinir eins og í dönsku og íslensku, nema ef L fer á milli, þá tvöföld ákveðni Á L N+Á. Íslenska er því talsvert frábrugðin hinum skandinavísku málunum að því leyti að L hindrar ekki færslu N í Á, þó að lausi greinirinn sé stundum mögulegur í því samhengi. Íslenska mynstrinu með lausum greini (innan sviga hjá HÁS) er reyndar oft haldið utan við almennt yfirlit vegna þess að það er tiltölulega óalgengt nema í fremur formlegu (rituðu) máli. Eins og HÁS bendir á eru jafnvel valhömlur á því hvers konar N geta staðið með lausa greininum. Til dæmis fer illa á að hafa greininn með lifandi verum eða greinilega hlutbundnu N en betur ef N er óhlutbundið:

- (7) a. ??Jón kyssti hina fallegu konu ...
b. Jón kollvarpaði hinni frægu greiningu ...

Segja má að kveikjan að þessari athugun sé eftirfarandi setning sem ég rakst á fyrir hálfgerða tilviljun í íslenskri þýðingu *Bíblunnar* frá 1841 (leturbr. mínar):

- (8) Réttid því **hinar** magnvönu hendurnar og **pau** máttþrota **knén**, og stígid óskeift med fótum ydrum, svo að **sá hinn** fatladi limur ekki vindist heldur læknist.
(*Bíblían*, Hebr. 12:12-13, útg. 1841)

Hér er engu líkara en að annars vegar sé um málkerfi að ræða sem leyfir tvöfalda ákveðni líkt og í norsku, sænsku og færeysku (*hinar magnvönu hendurnar, þau máttþrota knén*) en hins vegar kerfi eins og í dönsku þar sem laus greinir með L birtist ekki viðskeyttur við N (*sá/hinn fatlaði limur*). Þar fyrir utan er greinilega orðasafnsbundinn breytileiki milli *hinn* og *sá*, auk þess sem hægt hefur verið að nota hvorttveggja samtímis (*sá hinn*) og þá án viðskeytts greinis (sjá einnig Friðrik Magnússon 1984:96). Af ofansögðu virðist a.m.k. mega ráða að laus greinir í 19. aldar máli hafi sýnt tilbrigði sem (mögulega) eru horfin í nútímaíslensku. Hér verður þetta kannað nánar í von um að varpa nýju ljósi á nafnliðagerð almennt, t.d. hvort þeir möguleikar, sem hin skandinavísku málin bjóði upp, hafi verið fyrir hendi í 19. aldar íslensku og eins hvort þar leynist tilbrigði sem ekki þekkjast í öðrum (skandinavískum) málum.

Laus (ákveðinn) greinir í íslensku sér nokkuð sérstæða sögu ef marka má fyrri skrif um efnið. Burtséð frá nokkrum ágreiningi um það hvort forníslenska hafi haft raunverulegan, fullkomlega málfræðivæddan greini á elsta skeiði (sjá t.d. Lander & Haegeman 2013), hafði hann formið (*h*)inn og var notaður með lýsingarorði á undan eða eftir ákveðnu/óákveðnu N (sbr. Lander & Haegeman 2013:16-17, tilv. þar):

- (9) a. maðr(-inn) hinn blindi
b. hinn blindi maðr(-inn)

Einhvern tíma síðar tekur við af *hinn* lausi greinirinn *sá*, áður ábendingarforanafn (sbr. einnig áfn. *hinn*), og það mun ekki hafa verið fyrir en á 19. öld sem ákv. gr. *hinn* var tekinn upp (aftur/meðvitað) í stöðluðu ritmáli, beinlínis fyrir tilstilli málhreinsunar (sbr. Kjartan Ottosson 2003:128-130). Tilgáta Kjartans, sem alls ekki er ljóst á hverju er byggð, er að við þetta verði *sá* einskorðað við tal málið en hörfi þar smám saman líka. Allan þennan tíma hefur viðskeyttur greinir að líkindum verið mögulegur líka, með eða án L, rétt eins og nú.¹

Uppbygging greinarinnar er sem hér segir: í fyrsta kafla verða helstu fræðileg atriði kynnt til sögunnar sem skipta máli þegar fjallað er um nafnliðagerð og bent verður á ólíkar forspár mismunandi greininga á breytileikanum. Í öðrum kafla verður stuttlega fjallað um aðferðafræðileg atriði í tengslum við athugun á 19. aldar textasöfnum og niðurstöður þeirra athugana verða á dagskrá í þriðja kafla. Í fjórða kafla verður vikið nánar að áhugaverðum atriðum tengdum beygingu lýsingarorða í [+ákveðnu] samhengi og ýjað að mögulegri greiningu. Greininni lýkur loks á samantekt með yfirliti yfir helstu niðurstöður. Niðurstaðan er a.m.k. sú að flestan breytileika, sem kemur fyrir í skandinávsku málunum, sé einnig að finna í 19. aldar íslensku og fleira til. Tvær leiðir virðast færar til að gera grein fyrir þessum breytileika, annars vegar að gera ráð fyrir allnokkrum setningafræðilegum mun á málunum (sbr. t.d. Delsing 1993, Halldór Ármann Sigurðsson 1993, 2006, Vangsnes 2003, Julien 2005) en hins vegar að staðsetja breytileikann að mestu leyti utan setningafræðinnar (sbr. Embick og Noyer 2001, með nauðsynlegum breytingum byggðum á Julien 2005). Hér verður ekki gert upp á milli þessara tveggja býsna ólíku leiða.

1. Fræðilegur grundvöllur

1.1. Afbygging nafnliðarins

Greining á „ytri“ nafnliðnum sem sérstökum ákveðnilið (ÁL) sem hýsi ákveðnihaus (Á) og tekur nafnlið og annað sem honum fylgir sem fylliliði er yfirleitt er rakin til Abney (1987), þó að Hellan (1986) hafði raunar stungið upp á slíkri greiningu á undan honum (ÁL þar kallað ‘T’ fyrir ‘term’, sem hýsir hausinn ÁKV[EÐNI] (=DET)). Sú greining gerir í raun ráð fyrir eins konar setningaformgerð innan ÁL sem lýsa má sem vörpun utan um NL. Sú ytri vörpun er því hliðstæð TL utan um BL/SL í (2b). Delsing (1993 og síðari skrif), sem vann áfram með þessa greiningu í tengslum við skandinavísku málin, gerir ráð fyrir að nafnorð og lýsingarorð séu sérstakir liðir (NL, LL) innan stærri formgerðar sem nefnist ákveðniliður (ÁL). Formgerð nafnliðarins *en gammal man* ‘gamall maður’ er því í grófum dráttum eins og sýnt er í (10) (sbr. Delsing 1993:109, lítillaga aðlagð):

- (10) [ÁL [Á [Á en [LL [L' [L gammal [NL [N' [N man]]]]]]]]]

LL hefur engan ákvarðara hjá Delsing (1993) og því er ekkert pláss „vinstra megin“ við L á milli Á og L. Þetta kallar hann ákvL-greininguna (e. *SpecA-analysis*) og hvert lýsingarorð er þá nýr LL formliður ofan á NL sem hægt er að hlaða hverjum ofan á hinn, sbr. *den lilla röda* ‘sá/hinn litli

¹ Hjá Konráði Gíslasyni (1844:79) kemur eftirfarandi einnig fram um ákv. gr. *hinn*: „Þetta orð er ekki tíðkað í tali á vorum dögum, og er tekið í hinar nýrri bækur úr eldra málinu.“ Svo framandlegur virðist lausi greinirinn *hinn* hafa verið Runólfi Jónssyni að í málfræði hans frá 1651 er viðskeytti greininn talinn vera dreginn af pfn. *hann*, þ.e. *maðurinn* sé í raun *maður hann* (sjá Guðrúnu Kvaran 2005:53 og tilv. þar).

rauði' (Delsing 1993:116). Samræmi milli L og N er ákvarðað á hátt sem þá var hefðbundinn, sem samband ákvarðara-hauss, þar sem L er í ákveðnum skilningi ákvarðari N.²

Vangsnes (2003) gerir ráð fyrir enn ríkulegri afbyggingu. Yst er formliðurinn KP, sem stendur fyrir *case* 'fall' og mætti því kalla FallL, þá ÁL, síðan NumP, sem stendur fyrir *numeric* og mætti kalla TöLL og loks hinn hefðbundni NP, eða NL. Formgerð með ákveðnum nafnlið er því á þá leið sem sýnt er í (11) þar sem millivörpunum og hausum er sleppt til einföldunar:

(11) [FALLL ... [ÁL ... [TöLL ... [NL ...]]]]

Ef lýsingarorð stendur með N er það á milli TöLL og NL:

(12) [FALLL ... [ÁL ... [TöLL ... [LL ... [NL ...]]]]]]

Vangsnes (2003) lítur á FallL sem samsvarandi formlið og TL er á setningarsviðinu. Innan þessarar formgerðar geta lýsingarorð hindrað færslu á N vegna þess að þau eru greind sem hausar, hliðstætt hjálparsögnum í BL, og falla því undir hausafærsluhömluna, sbr. einnig Vangsnes (2003:141).³ Hann gerir enn fremur ráð fyrir að það sé ríkuleg beyging lýsingarorða sem geri það að verkum að í íslensku hindri þau ekki færslu N í Á en þetta vekur auðvitað þá spurningu af hverju hið sama gildir ekki um færeysku. Vangsnes (2003:183) bendir hins vegar á að áherslulaus atkvæði í færeysku dragi úr þeim vísbendingum sem beygingarfræðin veiti (í ritmáli) og því fylgi færeyska skandinavísku meginlandsmálunum. Hann vísar í þessu sambandi einnig til mögulegra áhrifa frá dönsku í máli tvítýngdra einstaklinga en viðurkennir að notkunin sé að öðru leyti frábrugðin dönsku en lík norsku og sænsku (tilv. rit:184).

Greining Julien (2005:75-76) gerir einnig ráð fyrir að lýsingarorð hindri færslu *nL* (þ.e. NL) en sú færsla felur ekki beinlínis í sér innlimun (e. *incorporation*) heldur flyst *nL* í ákvÁL þar sem það gátar ákveðniþátt sem það deilir með Á. Laus greinir kemur því fram ef lýsingarorð og svokölluð veik magnorð (þ.m.t. töluorð) standa á milli *n* og Á. Ástæða þess skv. greiningu Julien (2005) að lýsingarorð í íslensku hindra ekki færslu *nL* í ÁL (þ.e. *indæli strákurinn* er möguleg formgerð) er sú að það er ekki *nL* sem færast heldur sjálfur LL (αP). Þar með hindrar L ekki færslu *nL* enda flyst *nL* ekki út úr LL. Þessi munur á íslensku og flestum hinum skandinavísku meginlandsmálunum felst því í stærð þess liðar sem er fluttur.⁴ Ef L og N færast saman í ÁL fæst jafnframt skýring á því að laus greinir fer á undan tölulíðum, L og N en með viðskeyttum greini fer L á undan N en tölulíðir á eftir N (nokkuð sem Friðrik Magnússon 1984:95 mun fyrstur hafa tekið eftir, sbr. Höskuld Bráinsson 2007:106, dæmi Höskuldar):

(13) a. **hin** þrjú gulu borð c. *þrjú gulu borð**in**
 b. gulu borð**in** þrjú

Vísbendingar af þessu tagi mæla mjög eindregið með setningafræðilegri nálgun en einnig hefur verið stungið upp á beygingarfræðilegri nálgun að sumum þessara takmarkana. Ein slík er t.a.m. grein-

2 Fórmarkostnaðurinn er reyndar meiri en Delsing (1993) gefur í skyn því ofan á hefðbundna formliði með ákvarðara og haus bætist nú annars konar formliður með haus sem sjálfur er í heild sinni ákvarðari annars formliðar. Það verkar í raun síst til einföldunar á kenningunni ef á heildina er lítið. Þetta vandamál gufar að einhverju leyti upp ef samræmi er ákvarðað skv. liðstýringu milli könnuðar og marks. Hvernig samræmi er ákvarðað er hins vegar alfarið utan þess ramma sem hér hefur verið markaður (sjá t.d. Höskuld Bráinsson 2007:122-124 og tilv þar).

3 Hellan (1986:103) greinir þetta á annan hátt og álitur umhverfið L N+Á (t.d. *gamle skoen*) vera ótækt í norsku vegna þess að stjórnun verði að vera til hægri. Þá er N *skoen* ekki mögulegur stjórnandi L *gamle*. Ef gera ætti grein fyrir íslensku innan þessa kerfis fælist breytileiki milli málanna því í stjórnunarstefnunni einni saman.

4 Nilsen (2003:111-114) fjallar á hliðstæðan hátt um breytileika í stokkun (e. *scrambling*) eftir því hve stóra setningarhluta tungumál flytji. Mál með frjálslega orðaröð flytji smáar einingar, t.d. ÁL (eða NL) en mál með fastskorðaða orðaröð flytji stærri einingar, t.d. SL. Nilsen ýjar að því að skýringin á því að mál flytji misstórar einingar kunni að vera fólgin í beygingarfræðilegum þáttum.

ing Hankamers og Mikkelsens (2002) sem telja samspil greinis við tiltekin beygingarfræðileg form eins nafnorð sem enda á *-ende* og eiginnöfn í dönsku mæla með beygingarfræðilegri nálgun. Í báðum þessum umhverfum er viðskeyttur greinir ómögulegur, sbr. **studerende-n* og **Maria-en* (tilv. rit:146-153). Eins og Halldór Ármann (2006) bendir t.a.m. á geta eiginnöfn þó tekið fornafns-greini og í sumum tilvikum viðskeyttum greini: *þú ert fyrsta María sem ég kynnist / báðar Maríurnar eru íslenskar*. Þetta síðarnefnda er einnig mögulegt í dönsku en þá verður að vera sýnileg tölumerking með eiginnafninu og tilvísunarsetningin að vera óafmarkandi: *Begge Maria-er-ne, som har boet i København i mange år, flyttede til Malmö i januar* (tilv. rit:152).⁵

Greining Hankamers og Mikkelsens (2002) gerir ráð fyrir að það sem er N-færsla í ÁL í setningafræðilegu greiningunni hér að ofan sé í raun beygingarfræðileg regla sem sameinar nafnorð og ákveðið viðskeyti svo úr verður ákveðniorð. Setningafræðileg hegðun þessara liða stafar þá af því að þau hegða sér eins og ákveðniorð en hömlur á því með hvaða liðum greinir getur birst er háður beygingarfræðilegum þáttum og blokkun (e. *blocking*). Þar útilokar formið *hesten* ‘hesturinn’ formið **den hest* ‘*hinn hestur’. Greining þeirra á samspili þríeykisins hér að ofan, þ.e. greinis, lýsingarorðs og nafnorðs, virðist virka á máli eins og dönsku, þar sem L krefst stuðnings greinisins (*den røde hest*) vegna þess að formgerð ákveðins nafnorðs greinist ekki (e. *non-branching*) í NL, þ.e. L verður að hengja á NL, ekki á ÁL. Því er **røde hesten* ótækt. Eins og Höskuldur Þráinsson (2007:112) bendir á er þetta þó ýmsum vandamálum háð og alvarlegast sennilega að í íslensku er slík formgerð einmitt möguleg (sbr. hér að ofan).

Sama vandamál kemur upp í tillögu Embicks og Noyers (2001), sem einnig staðsetur breytileika milli mála í beygingarfræðilega hluta málfræðinnar. Ólíkt Hankamer og Mikkelsen (2002) gera Embick og Noyer (2001) ráð fyrir setningafræðilegri hausafærslugreiningu sem í grófum dráttum er hliðstæð því sem t.d. Delsing (1993) og Julien (2005) notast við en færslur og hljóðfræðilegt innihald (hljóðform, HF) liðanna er ákvarðað „eftir“ setningafræðina skv. þeirra líkani. Þetta þýðir að beygingarfræðin fær að leika aðalhlutverk við að koma í veg fyrir ákveðin form, rétt eins og hjá Hankamer og Mikkelsen (2002). Skandinavísku málin eru nákvæmlega eins setningafræðilega. Í öllum málunum er eftirfarandi krafa í gildi (Embick og Noyer 2001:582):

(14) N flytjist í Á ef mögulegt er.

Breytileikinn er fölginn í því hvort ákveðnisamræmi er ákvarðað á milli Á og N (HF-regla), sem leiðir af sér tvöfalda ákveðni (tilv. rit:581):

- (15) a. Höfuðið N verður að vera merkt ákveðið ef Á er [ákv].
b. $\hat{A}_{[ákv]}$ verður að eiga sér hýsil.

Embick og Noyer líta á fyrirbærið *-en* (ísl. *-inn*) sem aðskeyti sem verður að finna sér hýsil. Ef N flyst í Á er sú krafa uppfyllt, þ.e. til verður bræðingurinn *hesten* ‘hesturinn’ þar sem *-en* hefur stuðning frá N. Munurinn á dönsku og sænsku er nú sá að danska krefst (15b) en gerir enga kröfu um (15a). Engin leið virðist vera fær til þess að gera grein fyrir íslensku í þessu kerfi utan setningafræðinnar nema annaðhvort að fella niður kröfu um (15b) eða leyfa L+N að gegna því hlutverki. Hvorug leiðin virðist fær því hin fyrri fæli í sér óhýst aðskeyti en hin síðari kæmi greiningu á hinum málunum í uppnám. Breytileg stærð þess liðar sem flyst í Á (sbr. Julien 2005) leysir mögulega þetta vandamál en þá vaknar sú spurning hvort „stærð liðar“ er setningafræðilegt atriði (e.t.v. takmarkað af fösum, sjá t.d. Chomsky 2013 og tilv. þar) eða morfófónólógískt.

Hér á eftir verður gert ráð fyrir afbyggingu NL hliðstætt setningafræðilegum hugmyndum um ÁL hér að ofan. Eins og við munum sjá í næsta undirkafla þarf einnig að gera ráð fyrir plássi fyrir á-

5 Dæmi Halldórs Ármanns eru af því tagi sem Hankamer og Mikkelsen telja möguleg í dönsku en mér virðist vel vera hægt að nota greininn með eiginnöfnum í íslensku í afmarkandi tilvísunarsetningum:

(i) Á myndinni sjáum við tvær Maríur. *Marían* sem er vinstra megin á myndinni er sunnlensk en *Marían* sem er hægra megin er norðlensk.

Ef rétt er fækkar þeim íslensku atriðum sem mundu benda til þess að beygingarfræðilegir þættir komi við sögu.

bendingarfornöfn og eignarfornöfn sem plássum aðgreindum frá ÁL, a.m.k. í sumum málum, og þar verður bent á mögulega tengingu við beygingarfræðina.

1.2. Samkeppni um sæti

1.2.1. Ábendingarfornöfn og ákveðniorð

Samkvæmt greiningu Abney (1987) ættu ákveðinn greinir og ábendingarfornöfn að vera í fyllidreifingu því hvorttveggja væru Á-hausar. Svo er hins vegar ekki í öllum málum. Þ.a.l. hefur verið stungið upp á að ábendingarfornöfn séu e.t.v. ákvarðarar í ÁL (sjá t.d. Guisti 1997, sbr. Vangsnes 2003:135). Guisti (1997:100) bendir t.a.m. á að í rúmensku geti ábendingarfornöfn verið í öðru sæti strax á eftir N sem hefur verið innlimað í ákveðna greininn:

- (16) a. un fromos baiat
ÓÁKV.GR. indæll strákur
b. baiatul acesta frumos
strákur-inn þessi indæll
'Þessi indæli strákur.'

Eins bendir Guisti (1997:100) á að magnliðir hegði sér mjög misjafnlega eftir málum og geti stundum staðið með ákveðniorðum en stundum ekki, t.d. *these many boys* andspænis **these all/several boys*. Svipað er uppi á teningnum í íslensku þar sem *þessir mörgu strákar* er nokkurn veginn mögulegt en **þessir öllu/nokkrir strákar* er alveg ótækt. Magnliðirnir geta stundum staðið utan við áfn. í þessum tilvikum:

- (17) a. ?margir/allir/??nokkrir þessir strákar
b. margir/?allir/nokkrir þessara stráka / af þessum strákum

Niðurstaða Guisti (1997) er því sú að ekki sé hægt að fella magnliði, áfn. og ákveðniliði (ákveðinn greini) almennt undir sama hatt. Í samræmi við þetta gerir Halldór Ármann Sigurðsson (2006) ráð fyrir að „plássin“ séu í grófum dráttum eins og sýnt er í (18) þar sem magnliðir standa utan við ÁL en töluorð innan hans:

(18)	Magnliðir	(Lo.+No.) Ákveðni	Töluorð	Lýsingarorð	Nafnorð	X
	allar	hinar	þrjár	frægu	greiningar	á málinu
	allar	frægu greinigarnar	þrjár	←	←	á málinu

Þegar eignarfornöfn eru tekin inn í myndina verður fljótt ljóst að þessi formgerð er tæplega nægilega rík til þess að lýsa breytileika innan tungumála heims, jafnvel ekki innan skandinavísku málanna.

1.2.2. Eignarliðir og ákveðniorð

Hliðstætt vandamál vegna „plássleysis“ og við sáum hér á undan birtist með eignarliðum. Í sumum tungumálum eru slíkir liðir í fyllidreifingu við ákveðniliði á borð við ákveðinn greini en ekki í öðrum (sbr. t.d. Cardinaletti 1998:66-67; ensku dæmin til samanburðar mín viðbót):⁶

- (19) a. (*the) his house
ÁKV.GR. hans hús

6 Hliðstætt lýsingarorð stendur venjulega á milli ákveðniorðsins/eignarfornafnsins og nafnorðsins: *la sua bella casa* 'fallega húsið hans' (sbr. Cardinaletti 1998:67).

b.	the		house	(*his)
	ÁKV.GR.		hús	hans
(20) a.	la	sua	casa	
	ÁKV.GR.	hans	hús	
b.	la		casa	sua
	ÁKV.GR.		hús	hans

‘Hús(ið) hans.’

Svo virðist sem tungumál leyfi eignarliði/ábendingarfornöfn og ákveðinn greini hlið við hlið ef og aðeins ef hin fyrrnefndu taka beygingu, yfirleitt sömu beygingu og lýsingarorð. Stundum er þá gert ráð fyrir sérstökum eignarlið (EL) á milli ÁL og LL þangað sem eignarfornafnið flyst út úr NL. Sú færsla minnir í raun á færslu frumlags úr SL í BL, sem stundum er (eða var) nefndur frumlagssamræmisliður, SamrFrIL (=AgrSP). Cardinaletti (1998:69) kallar þennan lið ekki EL (=PossP) heldur SamrFrILNL (=AgrSNP) til marks um að hann tákni samræmi þar sem N vísar til þess að hann sé út-víkuð vörpun af N (e. *extended projection of a nominal head*):

(21)	[ÁL la	[SAMRFRILNL sua _i	...	[YL casa _k	[NL t _i	[t _k
------	--------	------------------------------	-----	-----------------------	--------------------	------------------

Í íslensku á þetta greinilega við um ábendingarfornöfnin (t.d. *þessi-þennan-þessum-þessa* : *góður-góðan-góðum-góðs*) og hluta beygingardæmis eignarliðanna (t.d. *þinn-þinn-þínum-þíns*), þ.e. 1. og 2. persónu eintölu en aðrar myndir eru óbeygðar (3.p.et. *hans/hennar/þess*, 3.p.ft. *þeirra*, 1.p.ft. *okkar*, 2.p.ft. *ykkar*). Sögulega séð hefur íslenska kerfið verið að einfaldast enda beygðust 1. og 2.p.ft., auk þritölunnar *yðar* fyrir á öldum, og mætti því færa rök fyrir því að „meiri þrýstingur“ sé nú innan kerfisins í þá átt að túlka eignarliði ekki sem hluta sérstaks EL/SamrL. Það hvort eignarfornöfn geti staðið með ákveðnum nafnorðum á grunnmynduðum stað sínum innan NL, sbr. *bókin mín*, sem væri ótækt t.d. í ensku, tengist því hvort eignarfornöfnin sjálf hafi ákveðniþætti.

Vangsnes (2003:136 o.áfr.) greinir þetta samspil á annan hátt. Munur geti verið á (skandinavískum) málum eftir því hvort viðskeyttur greinir er höfuð (=íslenska og danska) í sama lið og áfn. (BendiL, „D[ei]x[is]P“), eða hvort greinirinn er aðeins hluti beygingarendingar (færeyska, norska, sænska). Einungis þar sem greinirinn er höfuð getur hann ekki staðið með ábendingarfornöfnum (Vangsnes 2003:139):

(22) a.	þessi	bók/*bókin	<i>íslenska</i>
b.	denne	bog/*bogen	<i>danska</i>
c.	henda	bókin	<i>færeyska</i>
d.	denne	boka	<i>norska</i>
e.	denna	boken	<i>sænska</i>

Eins og Vangsnes (2003:139, nmgr. 20) bendir á er engin vörpun á milli lýsingarorða og nafnorða hjá Delsing (1993) og því er greinirinn hjá honum beygingarending í öllum þessum málum, utan dönsku. Afleiðing greiningar Vangsness er sú að í færeysku, norsku og sænsku getur N+VSK.GR. (*bókin, boka, boken*) verið ákveðið eða óákveðið (sem táknað að svonefnd tvöföld ákveðni er þá í raun rangnefni). Í íslensku og dönsku verður N því að vera óákveðið með áfn. en í hinum málunum er „ákveðið“ form N (með vsk. greini) hið venjulega form en áfn. með beru N er einnig möguleiki (tilv. rit:140). Eins gera Hankamer og Mikkelsen (2002:169 o.áfr.) ráð fyrir að ákveðið nafnorð eins og *musen* ‘músir’ sé tvírætt m.t.t. þess hvort það er Á, eins og það sé í dönsku (og íslensku), eða N, þar sem viðskeytti greinirinn sýnir aðeins samræmi við Á, eins og í norsku og sænsku (aук færeysku). Það sem greinir málin að er því flokkunarregla sem breytir N → D, sem sé skyldubundin í dönsku en valfrjáls í t.d. norsku og sænsku.

Áfn. *hinn* er greinilegt vandamál fyrir greiningu Vangsness vegna þess að þar er ákveðinn greinir á N einmitt skyldubundinn, sbr. *hin bókin*. Þetta er óvænt ef munurinn felst í eðli viðskeytta grein-

isins á N enda hlýtur hann að vera hinn sami með áfn. *þessi* og *hinn* (sjá nánar hér á eftir). Við munum sjá að níttjándu aldar íslenska leyfði einnig „tvöfalda“ ákveðni af því tagi sem finnst í færeysku, norsku og sænsku, sem bendir til þess að valfrjálsri flokkunarreglu Hankamers og Mikkelsens (2002) farnist hér betur.

Í skandinavísku meginlandsmálunum er venjulega samband milli þess að notaður sé eignarliður og ákveðinn greinir á N. Í íslensku og forníslensku geta eignarliðir hins vegar staðið með óákveðnu N (*mitt hús, hús mitt*). Í forníslensku og sumum skandinavísku meginlandsmálunum geta eignarliðir líka staðið með lausa greininum (sjá Delsing 2003:25 og tilv. þar):

- (23) a. **þitt hitt** milda andlit (Barl. 199, 10)
b. **hinir** fyrri frændr **yðrir** (Hkr. 205, 24)
c. **hans ena** björtu frægð (Alex. 45, 12)
d. **hit** ýzta skip **Ólafs** konungs (Hkr. 212, 19)
e. **enn** mesta blóma **minnar** ferðar (Forn. Su . 79, 49)

Í níttjándu aldar íslensku fundust einnig slík tilbrigði, sbr. hér á eftir. Hið sama virðist vera uppi á teningnum í dönsku talmáli og þau dæmi eru þá iðulega með lausum greini (sjá Delsing 2003:26 og tilv. þar). Dæmi á borð við *min bogen* væru því ótæk en eftirfarandi eru tæk:⁷

- (24) a. **naboens den** stribede kat
b. **Pernilles den** nye smarte cykel
c. **mine de** røde vanter

Í Þrændalögum („Lidmál“, tilv. rit:35) er jafnvel hægt að hafa samsetta liði á forsviði N en Delsing heldur því fram að það sé fullkomlega ómögulegt í íslensku (þrátt fyrir að einfalt eignarforafn á forsviði sé mögulegt til áherslu):

- (25) *din och hannes Ingeborg del*
‘Þinn hluti og hennar Ingeborgar’

Samkvæmt minni máltilfinningu virðist a.m.k. vera rétt að slík dæmi eru ekki mjög góð ef notaður er „fornafnsgreinir“ (*hann, hún, það*) með nöfnum, sbr. (26a), en mér finnst ekkert mjög athugavert við (26b) (hásteplingar notaðir til að tákna áherslu):

- (26) a. ?*ÞINN og HENNAR INGIBORGAR hluti
b. ÞINN og INGIBORGAR hluti

Í syðri skandinavísku er venjan hins vegar að hafa eignarforafn á forsviði (*mitt hus*). Annar munur á möguleikum á forsviði N tengist því að í sænsku getur L tekið með sér NL-fyllilið sem nútíma-íslenska leyfir aðeins á baksviði N (sbr. Höskuld Þráinsson 2007:108, nmgr. 16, tilv. þar):

- (27) a. en [sin hustru trogen] man
b. *[konu sinni trúr] / *[trúr konu sinni] maður

7 Á Suðvestur-Skáni munu hliðstæðar formgerðir einnig vera mögulegar; á Gautlandi er jafnvel hægt að hafa eignarforafn með viðskeyttum greini á N (sbr. tilv. rit, s.s.):

(i) **mitt** haoure ‘hárið á mér (eiginl. *mitt hárið*)’

Í austursænsku og víðar geta eignarfornöfn líka staðið með nafnorðum með eignarfalls-*s*: *flickans huset* ‘hús stelpunnar (eiginl. *stelpunnar húsið*)’ (sbr. tilv. rit:27). Þetta minnir á svokallað Ólafsfjarðareignarfall (sjá kafla 3.3). Í nyrðri hlutum skandinavíska málsvæðisins er venja að hafa eignarforafn á baksviði N sem er þá ákveðið (*huset mitt*), rétt eins og í íslensku, og eignarforafn á forsviði N táknar áherslu. Ekki er ljóst af umfjöllun Delsing (tilv. rit:28) hvort efn. með áherslu í norðurskandinavíska taki almennt með sér ákveðið form N (sbr. t.d. (i)) en líklega er það þá án greinisins, hliðstætt suðurskandinavísku.

Eins og fram kemur í 3. kafla finnast dæmi hliðstæð (26) í nítjándu aldar íslensku en þar er þó ekki ákveðniorð á forsviði seinni liðarins eins og í (26a). Óljósara er hvort (27) hafi verið möguleg í íslensku en sýnd verða dæmi um að forsviðið hafi leyft bæði innri rökliði og atviksliði.

Ekki virðist vera hægt að leiða þennan mun af neinu öðru í fari þessara mála. Fyrirnefndar hugmyndir um að meiri formgerð (t.d. SamrL) innan ÁL tengist beygingarfræðilegum þáttum hrökkva hér varla til; samkvæmt þeim ættu færeyska og íslenska að fylgjast að, ólíkt hinum skandinavísku málunum. Gegn þessu mælir líka að a.m.k. í íslensku útiloka slíkir liðir hvor annan en í sumum skandinavískum málum er mögulegt að hafa eignarliði og ákveðnilíði, eins og sýnt er í (28), eða eignarliði og áfn., eins og sést í (29), hlið við hlið (sbr. Julien 2005:111, sjá tilv. þar). Í 3. kafla munum við þó sjá að a.m.k. formgerðir eins og (29b) voru mögulegar í nítjándu aldar íslensku.

- | | | | | | | |
|---------|----------------------------|-------------|-----------|------------|----------|---------------------------------|
| (28) | mett | te | stór | hús-e | | <i>Lapträsk-sænska (Finnl.)</i> |
| | mitt | ÁKV.ET. | stóra | hús-ið | | |
| | ‘Stóra húsið mitt.’ | | | | | |
| (29) a. | (*den) | min | (*den) | ny-est-e | artikkel | <i>norska (bokmål)</i> |
| | ÁKV.ET. | minn | ÁKV.ET. | nýj-ast-i | grein | |
| b. | denne | minn | ny-est-e | artikkel | | |
| | þessi | minn | nýj-ast-a | grein(kk.) | | |
| | ‘Þessi nýjasta grein mín.’ | | | | | |

Vangsnes (2003) ræðir einnig dæmi af þessum toga. Lapträsk-sænsku dæmin stingur hann upp á að greina þannig að *mett te* sé í raun samhangandi liður sem sé í ákvÁL (tilv. rit:171). Efn. og greinirinn munu geta staðið saman vegna þess að einvörðungu efn. beygist eftir kyni; lausi greinirinn hins vegar bara í tölu (tilv. rit:171-172). Niðurstaða hans er sú að í norrænum mállýskum geti ákv. greinir aðeins farið á eftir efn. ef einungis annað þeirra eða hvorugt ber þáttinn [kyn]. Það myndi því tákna að íslenska gæti að öðru óbreyttu aldrei þróað með sér (28).

Ef EL er innan ÁL (sbr. hér á undan) er óvænt að efn. fari á undan ákveðnum greini í (28). Julien (2005:111) stingur því upp á að greina þetta þannig að í (28) sé efn. í ákvÁL. Í (29a) sýni efn. samræmi við Á (t.d. við þáttinn kyn og tölu) og því þarf ekki sýnilegan greini í Á. Á sama hátt sé ekki þörf á sýnilegu Á í (29b) vegna þess að bæði áfn. og efn. auðkenna Á. Bæði áfn. og efn. eru hins vegar ólík merkingarfræðilega og þurfa því að birtast. Af því að áfn. geta farið á undan ákveðniorðum á forsviði N dregur Julien (2005:60, 137) þá ályktun að áfn. séu mynduð fyrir ofan Á í vörpun sem hún nefnir ÁbL (=DemP). Standi liðir sem eru innan ÁL á undan áfn. er það því til marks um færslu. Venjulega birtist enginn sýnilegur ákveðnilíður á forsviði N ef ÁbL er fylltur sem sýni jafnframt að áfn. geti eitt og óstutt afmarkað tilvísun ÁL.

Eins og fram kom hér að ofan hegða danska og íslenska sér yfirleitt ólíkt hinum skandinavísku málunum að því leyti að afn. *þessi* og *sá*, í dönsku *denne*, koma í veg fyrir lausan eða viðskeyttan greini. Þessu er hins vegar öfugt farið með áfn. *hinn*; þar er viðskeytts greinis á N einmitt krafist í íslensku. Julien (2005) greinir þann mun ólíkt Vangsnes (2003). Viðskeytti greinirinn er ekki frábrugðinn í þessum afbrigðum heldur felst munurinn í ábendingarfornöfnunum. Áfn. *þessi/sá* draga að sér Á og tákna í raun og veru ákveðniþátt Á. Áfn. *hinn* gerir það hins vegar ekki og því verður ákveðniþáttur Á og N (hennar litla *n*) að vera sýnilegur. Þetta er þó fyrst og fremst formleg lýsing á ástandinu þar til einhver botn fæst í það af hverju *sá* munur á aðdráttarafli ætti að stafa. Julien (2005:76) gerir hins vegar ráð fyrir því að í dönsku sé aldrei hægt að hafa viðskeyttan greini á nafn-orði ef á undan fer lýsingarorð eða töluorð vegna þess að viðskeytti greinirinn birtist ekki á *n* heldur alltaf beint á Á.

1.3. Formlegt misræmi ákveðins/óákveðins lýsingarorð – eða veikt/sterkt beygðs

Plássin innan hins afbyggða nafnliðar eru aðeins eitt margra fræðilegra álitamála. Annað mikilvægt atriði tengist formi lýsingarorðsins, þ.e. það sem í hefðbundinni málfræði kallast sterk eða veik beyging lýsingarorðsins:

- (30) a. Rauður bíll
b. Rauði bíllinn
- (31) a. Þessi bíll er rauður
b. *Þessi bíll er rauði

Vangsnes (2003:134-135) talar um óákveðið og ákveðið L í stað sterkrar/veikrar beygingar vegna þess að sterk og veik beyging séu í fyllidreifingu: veika beygingin komi aðeins fram ef L er innan nafnliðarklasans. Veika beygingin sé með öðrum orðum samræmi við þáttinn bendivísun [+bendi] sem sé að finna á Á-höfðinu. Halldór Ármann Sigurðsson (2006) talar einnig um að L sýni samræmi við ákveðni N og L sé því venjulega ákveðið þegar N er ákveðið en óákveðið ella. Eins og lengi hefur verið vitað er þetta þó ekki ófrávikjanleg krafa, sbr. dæmi eins og (32):

- (32) Rauður bíllinn

Í (32) er ákveðinn viðskeyttur greinir á N en þrátt fyrir það er lýsingarorðið óákveðið/sterkt beygt. Halldór Ármann bendir á að óákveðin mynd/sterkt beygt L í (32), þó að umhverfið sé ákveðið, verði að vera óafmarkandi (e. *non-restrictive*). Ákveðni nafnliðurinn *billinn* í (32) vísar því aðeins til ákveðins bíls en markar ekki mengi ólíkra bíla, t.d. annars vegar rauðs bíls og hins vegar blás. Þrátt fyrir þetta ósamræmi er lýsingarorðið í nánnum tengslum við nafnorðið, sambeygist því og saman mynda þau setningarlið eins og auðveldlega má sannfærast um með algengum færsluprófum og útskiptingum (sbr. einnig t.d. Eirík Rögnvaldsson 1984:69):

- (33) a. Blindfullan forstjórann sá ég hér í gær
b. *Forstjórann blindfullan sá ég hér í gær

Í (33a) er greinilegt að *blindfullan forstjórann* myndar lið (og eins væri *rauðan bíllinn*) því að hægt er að færa það samband saman í einu lagi fremst í setningu en *forstjórann blindfullan* í (33b) gengur þar aftur á móti ekki og myndar því ekki lið. Niðurstaða Eiríks er sú að lýsingarorðin séu upprunnin í þeim NL sem þau eiga við.

Halldór Ármann Sigurðsson (2006) stingur ekki upp á neinni ákveðinni setningafræðilegri greiningu á skorti á samræmi lýsingarorðs og nafnorðs en það er vel hægt að ímynda sér að slíkum dæmum sé lýst með alveg sömu formgerð og hefði lýsingarorðið birst með samræmi (=veikt beygt). Ég tel þá greiningu mundu vel geta fengið staðist og að sérstaka merkingin í (32) sé þá ekki bein afleiðing af setningafræðinni enda sé setningafræðilega formgerðin eins (sjá nánar 4. kafla hér á eftir).

Pfaff (2014) er annarrar skoðunar og vill leiða óafmarkandi merkingu (=anafóríska vísun fremur en bendivísun) almennt af því þegar lýsingarorðið er kyrrt þar sem það er grunnmyndað, þ.e. ef upphaflega er miðað er við Á – L – N. Ef lýsingarorðið flyst „fram“ fyrir greininn (=L fram fyrir Á) fær það skv. Pfaff afmarkandi merkingu. Þetta skýrir (eða lýsir?) þá af hverju (34a,b) fá óafmarkandi merkingu en (34c) afmarkandi (sbr. Pfaff 2014:233):⁸

- (34) a. Mynstur II: engin færsla; lýsingarorð „kyrrstætt“:
[_{AL} greinir [_{AL} LL [_α α⁰ NL]]] → GREINIR L N
- b. Mynstur III: NL-færsla; lýsingarorð „kyrrstætt“:
[_{AL} NL₁ [_Á greinir [_{AL} LL [_α α⁰ t₁]]]] → N-ÁKV L
- c. Mynstur I: αL-færsla; lýsingarorð „flyst“:
[_{AL} [_{AL} LL [_α α⁰ NL]]]₁ [_Á greinir t₁]] → L N-ÁKV

Í (34c) er hugmyndin sú að lýsingarorðinu sé rottusmalað (e. *pied-piped*) með NL og lendi því á undan greininum („pre-articular“) en sé eftir sem áður á forsviði N („prenominal“). Lýsingarorðið

8 Pfaff (2014) kallar liðinn sem hýsir bæði L og N „αP“ og lýsingarorðið innan þess „AP“, sem virðist því vera í ákvarðara αP. Ég átta mig ekki á þessari nafngift og geri því ekki tilraun til þess að þýða nafn þessarar vörpunar yfir á íslensku, t.d. sem LL eða λL. Hausinn α⁰ virðist vera tómur og við hlið hans (í þriggreindri hríslu?) nafnliðurinn.

er veikt beygt (sem Pfaff kallar svo) vegna þess að greinirinn liðstýrði því áður en það færðist (sbr. Pfaff 2014:234).

Pfaff (2014:238) bendir á að sterkt beygð (=óákveðin) lýsingarorð með ákveðnu nafnorði, sbr. (32), tákni tilviljanakennda, ytri eða hugsanlega („accidental (external or potential)“) eiginleika þess sem vísað er til. Hann greinir þessi dæmi, sem hann kallar mynstur IV, á þá leið að lýsingarorðin standi **utan við** ÁL. Sterkt beygðu lýsingarorðin séu í raun stýfðar tilvísunarsetningar (e. *reduced relative clauses*)⁹ og séu ekki veikt beygð einmitt af því að þau eru mynduð utan við ákveðniliðinn, þar sem hann liðstýrir þeim ekki.

Greining Pfaffs (2014) hefur mjög ákveðna forspá sem auðvelt er að prófa. Sterkt beygt lýsingarorð ætti að geta birst utan ákveðnisviðsins á meðan það væri fyllt af ákveðnisorði og neðar í formgerðinni væri N, t.d. á sínum grunnmyndaða stað í NL. Hér kemur varla annað til álita í íslensku en að innan ÁL stæði lýsingarorð því annars væri laus greinir ekki leyfilegur (**hinn maður*). Þetta lýsingarorð yrði að hafa veika beygingu enda liðstýrir Á þá L. Einnig ætti lýsingarorðið utan ÁL að geta staðið með áfn. *hinn* þar sem N neðar í formgerðinni væri ákveðið. Slík dæmi gætu tekið á sig eftirfarandi myndir og virðist vera ótækt mynstur:

- (35) a. * Rauður hinn gamli bíll
- b. * Rauður hinn eini (sanni) bíll
- c. * Rauður hinn bíllinn

Ég fæ ekki séð að greiningin útiloki dæmi af þessum toga. Í 4. kafla munum við einnig sjá möguleg íslensk 19. aldar mótdæmi við greiningu Pfaffs (2014) sem benda til þess að sterkt beygt lýsingarorð með ákveðnu N sé innan afbyggðs nafnliðarins.

Nú skulum við snúa okkur að málheildinni sem notuð verður til þess að draga upp mynd af nafnliðarformgerð nítjándu aldar og hvernig athugun á henni var framkvæmd.

2. Aðferðafræðileg atriði

Textasöfn með nítjándu aldar efni hafa löngum verið takmörkuð, ekki síst ef um er að ræða málfræðilega greind söfn, s.s. markaðar málheildir, þar sem hægt hægt er að leita að málfræðilegum upplýsingum á borð við orðflokk og beygingarformdeildir, eða þáttaðar málheildir, þar sem textarnir hafa verið greindir á setningafræðilegan hátt (sjá t.d. Ástu Svavarsdóttur, Sigrúnu Helgadóttur og Guðrúnu Kvaran 2014). Fyrsta og eina íslenska málheildin til þess að sameina hvorttveggja er sögulegi íslenski trjábankinn (Wallenberg, Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Eiríkur Rögnvaldsson 2011).

Þrátt fyrir ótvíræða kosti þessa ómetanlega gagnasafns var ákveðið að takmarka rannsókn á nafnliðarformgerð nítjándu aldar við afmarkað safn sendibréfa (sbr. hér á eftir). Þetta var ekki síst gert til þess að fá betri mynd af þéttara tímabili í aðeins einni textategund en trjábankinn, sem er bæði töluvert gisinn og hefur að geyma mjög ólíkar gerðir texta, veitir. Þá eru textarnir í trjábankanum „fjarlægari“ skrif sem endurspeglar síður eigin tilbrigði málfara en það safn sendibréfa til fjölskyldu og kunningja sem unnið er að að gera aðgengileg innan rannsóknarverkefnisins *Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals* (sjá Heimi Frey van der Feest Viðarsson 2014 og tilv. þar).

Aðeins um lítinn afmarkaðan hluta sendibréfasafnsins er að ræða fyrir þessa rannsókn, frá lokum 18. aldar fram um miðja 19. öld. Þetta er því tímabil sem lendir að vissu leyti utan skipulegrar málstöðlunar enda fór hún fyrst á verulegt flug eftir miðja öldina (sbr. Kjartan G. Ottósson 1990). Texti nokkurra þekkra útgáfna Finns Sigmundssonar var skannaður og ljóslesinn (OCR) með opnum og frjálsum hugbúnaði, *Tesseract-OCR*. Forritið býður stuðning við íslensku (latínuletur) og greinir íslenskan texta nær villulaust. Æskilegt er þó að á seinni stigum verði farið yfir textann með villuleið-

⁹ Pfaff (2014:238-239) byggir greiningu sína á því að dæmi á borð við *rauður himinninn* megi venjulega umorða með óafmarkandi tilvísunar- eða atvikssetningu: *himinninn, sem var/vegna þess að hann var rauður, ...* o.s.frv.

réttingartólum til öryggis áður en málvinnslutólum er beitt á hann enda var var stafsetning útgáfnanna þegar með samræmdu sniði. Alls er safnið sem hér er notað um 320.000 orð.¹⁰ Við hvert dæmi sem vitnað er til er vísað til hluta skráarheitis (meðfylgjandi greininni), sbr. einnig tilvísunarskrá.

Dæmum úr þessum textagrunni var safnað nokkuð skipulega samkvæmt umræðu um ákveðin mynstur í 1. kafla hér á undan. Leitað var að ákveðnum beygingarformdeildum með einföldu tóli sem fylgir Unix-kerfum, *grep*, og býður upp á að leita með hjálp reglulegra segða. Vegna þess að safnið hefur verið markað (á fullkomlega sjálfvirkan hátt) með IceNLP-málvinnslutólunum (Hrafn Loftsson og Anton Karl Ingason 2013) var mögulegt að leita beint að tilteknum greiningarstrengjum í stað þess að leitinn væri háð einstökum orðum. Þannig var t.a.m. hægt að leita að lausum greini þar sem á eftir fer lýsingarorð og nafnorð. Með því að tilgreina nákvæmari greiningarstreng er hægt að takmarka ákveðna greininn við ákveðin beygingarfræðileg atriði, t.d. að lýsingarorðið skuli vera sterkt beygt eða að nafnorðið sé með viðskeyttum greini (eða án). Með þessu móti var einfalt að kanna ákveðnar setningagerðir í safninu og jafnframt að fá grófa hugmynd um hlutfallstíðni fyrirbæranna.

3. Nafnliðurinn í nítjándu aldar íslensku

3.1. Orðasafnslegur breytileiki: sá andspænis hinn

Eins og fram kom hér á undan er því stundum haldið fram að *hinn* sem laus ákveðinn greinir hafi komið fyrir í forníslensku en síðar horfið úr íslensku máli. Samkvæmt þessu væri fremur óvænt að finna *hinn* í þessu hlutverki í sendibréfum frá f.hl. 19. aldar og skal nú kannað hvort einhver fótur sé fyrir þeim staðhæfingum (sbr. einkum Kjartan G. Ottósson 1990, 2003). Nú er alls ekki við miklum fjölda dæma um lausa gr. *hinn* að búast yfirleitt ef mið er tekið af nútímamáli; í nútímamáli hefur lausi greinirinn afar takmarkað notkunarsvið og er að miklu leyti bundinn við óhlutbundin fyrirbæri á b.v. *hin mikla aukning* eða *hin svokallaða afstæðiskennning* en er annars mjög ónáttúrulegur (sjá t.d. Halldór Ármann Sigurðsson 2006, Pfaff 2014).

Um lausa greininn *hinn* ásamt lýsingarorði fundust aðeins 26 dæmi, þ.e. *hinn* + *lo.* + *no.*, en til samanburðar eru um 250 dæmi um viðskeyttan greini ásamt lýsingarorði, þ.e. *lo.* + *no.-ákv.gr.* Í flestum tilvikum er um að ræða hina óhlutbundnu/óáþreifanlegu notkun sem finnst í nútímamáli:

- | | | |
|---------|--------------------------------|------------------|
| (36) a. | hin gamla stjórn | (Hafnarst.-1831) |
| b. | með hinni mestu rausn | (HB-01-054) |
| c. | hinn stærsti skaði | (SIK-01-02) |
| d. | hinn skelfilegi ófriður | (BskGrd-1-008) |

Meðal þessara dæma eru þó einnig nafnorð sem vísa til áþreifanlegra hluta og jafnvel lifandi vera:

- | | | |
|---------|----------------------------------|------------------|
| (37) a. | Í hinu fyrra bréfi mínu | (BskGrd-1-047) |
| b. | hið áðurnefnda mánaðarrit | (Hafnarst.-1831) |
| c. | hin merkasta kona | (GeirBskG-1-003) |
| d. | hin mætasta kona | (SIK-01-07) |

Það eru kannski ekki síst dæmi eins og (37c,d) sem koma nútímalesanda nokkuð spánskt fyrir sjónir. Ef til vill er engin tilviljun að *lo.* sé í efsta stigi, a.m.k. hljómar *hin merka/mætasta kona* verr í mín-um eyrum. Hér er rétt að hafa í huga að (*merkasta/mætasta*) *kona* kann í raun að vísa til eiginleika fremur en veru af holdi og blóði, sbr. að eins hefði verið hægt að tala um *dreng góðan* í þessu sam-

10 Til samanburðar er orðafjöldi 19. aldar efnis fyrrnefnds trjábanka töluvert minni, um 121.000 orð (76.000 orð ef miðað er við sama tímabil og hér, ca 1790-1850±3). Safnið sem hér er notað er ekki hið sama og stafrétt uppskrift íslenskra sendibréfa frá nítjándu öld (<http://brefasafn.arnastofnun.is>) sem Haraldur Bernharðsson og Jóhannes Gísli Jónsson hafa yfirumsjón með (sjá Heimi Frey van der Feest Viðarsson 2014 og tilv. þar). Síðastnefnda safnið spannar alla nítjándu öldina en er einnig fremur gisið á f.hl. aldarinnar.

hengi. Sú merking í (37c,d) er miður aðgengileg ef ekki er notað efsta stig.¹¹

Tíðni ákveðna greinisins *hinn* er ekki mjög upplýsandi nema í samanburði við það afbrigi sem hann „tók við“ af, þ.e. *sá*. Heildarfjöldi dæma með *sá* + *lo.* + *no.* í safninu er um 225. Það er hins vegar ekki hlaupið að því að greina þar að ákveðna greininn *sá* og ábendingarfornafnið *sá*. Ólíkt áfn. *hinn*, sem tekur með sér ákveðið N (sbr. *hinn (gamli) maðurinn*), er áfn. *sá* í nútímamáli með óákveðnu N (sbr. *sá (gamli) maður*).¹² Eina leiðin til þess að greina þessa ólíku notkun í sundur er því að kanna nákvæmlega hvert textasamhengið er. Slík athugun bíður betri tíma.

Í (38) eru sýnd fáein dæmi þar sem *sá* virðist vera greinir (skv. textasamhengi) fremur en ábendingarfornafn til marks um að *sá* hafi getað verið greinir:

- (38) a. Það var **sá seinasti þingdagur** (BskGrd-1-260)
- b. til lukku með **þann nýfengna son** (BskGrd-1-119)
- c. Því **sú svokallaða góðmennska** getur orðið stundum skaðlegri en **sú svokallaða illmennska**. (BskGrd-1-304)
- d. einn af þeim var þó dimmitteraður úr **þeim lærða skóla** (BskGrd-1-175)
- e. lát **þess góða herra** biskups Steingríms (RagnMagn-1845)
- f. Engar eru nú sérlegar fréttir héðan að skrifa, því **þann stóra skaða**, sem **það stóra veður** og **sjávangangur** gjörðu í vetur, munt þú heyrt hafa, og líka man eg minnst af því (RagnFinn-1799)
- g. **þann 21. september** þóknaðist **þeim góða guði** að taka frá okkur Pál minn Guðmundsson eftir 10 daga þungan sjúkdóm (SIK-01-30)
- h. öskufallið úr **þeirri vondu Heklu** (RagnMagn-1846)

Formlega séð gæti *sá* í þessum dæmum verið áfn. en samhengið bendir til annars. Þau hafa ekki hina afmarkandi, anafórisku tilvísun sem möguleg er með viðskeytta greininum, ekki frekar en dæmi með lausa greininum *hinn*. Þetta er augljóst í tveimur síðastnefndu dæmunum, (38g,h), þar sem *þeim góða guði* vísar aðeins til eins góðs guðs á óafmarkandi hátt og hann hefur ekki verið til umræðu, ekki frekar en *sú vonda Hekla*. Greinirinn *sá* kann almennt að gera hliðstæðar kröfur til gerðar N og *hinn* virðist gera í nútímamáli en þetta þarf að rannsaka nánar.

Fljótt á litið er fjöldi all-greinilegra dæma um ákv. gr. *sá*, hliðstæð þeim í (38), miklum mun meiri en dæmafjöldi um *hinn* hér að ofan. Það er því að einhverju leyti í samræmi við tilfinningu Kjartans um að ákv. gr. *sá* hafi verið almennari fram að skipulegri málstöðlun á s.hl. 19. aldar. Það er hins vegar alls ekki augljóst að *hinn* hafi verið **horfinn** sem laus greinir eins og stundum kemur fram í skrifum um málhreinsun. Með öðrum orðum tíðkaðist *hinn* að því er virðist enn sem laus greinir, a.m.k. í máli sumra, í lok 18. aldar og á f.hl. 19. aldar. Hér er vissulega að mörgu að huga en orðasafnsbundinn breytileiki á elsta skeiði bendir til þess að málstöðlun hafi í raun aðeins falið í sér val á einu afbrigði fram yfir annað (svokölluð fókusering). Það væri umtalsvert minna „inngrip“ en jafnan er gert ráð fyrir að málhreinsun 19. aldar hafi haft í för með sér.

Snúum okkur nú að lýsingarorðum á forsviði nafnliðarins sem ýmist eru sterkt eða veikt beygð eða m.ö.o. ákveðin eða óákveðin.

3.2. Beyging/ákveðni lýsingarorðs

Sterk beyging lýsingarorða og veik fylgir að verulegu leyti ákveðni N, þ.e. venjulega er beyging L sterk ef L stendur með ákveðnu N en aftur á móti beygist L veikt ef það stendur með óákveðnu N.

11 Hliðstæð aðgreining finnst í hollensku þar sem *man* ‘maður’ er samkyns (*de man*) og lýsingarorð sýnir venjulega samræmi við það í samkyni, *een grote man* ‘stór maður’ (andstætt *een groot huis* ‘stórt hús’ þar sem *hús* er hvorugkyns, *het huis*). Þetta á þó aðeins við ef bókstaflega er vísað til manns af holdi og blóði, því ef einvörðungu er verið að lýsa eiginleikum fær orðið hvorugkynsbeygingu (eða m.ö.o. sýnir ekki samræmi): *een groot man* ‘mikill maður’. Þetta á almennt við um tilvísanir til einstaklinga og er ekki bundið við orðið *maður* (sjá t.d. *ANS*:§6.4.1.3)

12 Í báðum tilvikum er lögð áhersla á áfn. *hinn/sá* en ekki á greininn, sbr. *HINN/?*hinn gamli maðurinn* andspænis *Hinn/?*HINN gamli maður*. Þessar upplýsingar eru vitaskuld ekki sjáanlegar í ritmáli en það er gott að hafa í huga að formlegt samfall áfn. og greinisins *sá* hefur sennilega einnig verið aðgreint í framburði: *SÁ gamli maður* (=áfn.) andspænis *sá gamli maður* (=ákv. gr.).

Þetta er einnig meginreglan í nítjándu aldar íslensku eins og eftirfarandi dæmi sýna:

- (39) a. **Merkilegustu** fréttirnar (HB-02-023)
b. hið **kæra** móðurmál (BskGrd-1-021)
- (40) a. **öflugt** vopn (GudMagn-1845)
b. tvö **elskuleg** tilskrif (SIK-01-39)

Líkt og í nútímamáli er mögulegt að nota sterkt beygt/óákveðið L með [+ákveðnu] N:

- (41) a. Maður sér ekkert nema málaðan steinvegg á tvær hendur með ótal gluggum, og þar fyrir ofan uppí **heiðan himininn**. (Hafnarst.-1826)
b. Þú veizt betur en eg, hvað Rask hefir af því upp skorið og hversu lengi hann hefir borið **sveittan kollinn**. (BskGrd-1-022)
c. eins grimmur og **hryssingslegur veturinn** var (GeirBskG-1-178)
d. Eg þakka þér hjartanlega **elskulegt tilskrif** (RagnFinn-1801)
e. fyrr en í **áliðinni vikunni** eftir páska (GeirBskG-1-135)
f. vegna **blessaðra barnanna**. (GudMagn-1845)

Þessi dæmi hafa óafmarkandi tilvísun eins og í nútímamáli, þ.e. rétt eins og lýsingarorðið standi innan óafmarkandi tilvísunarsetningar: *vegna barnanna, sem (svo vill til að) eru blessuð*. Í (41c) sjáum við að *hryssingslegur veturinn* myndar saman setningarlið sem er aðgreindur frá sagnfyllingunni *grimmur* (sbr. *eins grimmur*, og *hryssingslegur veturinn var grimmur*): *Veturinn, sem var hryssingslegur, var grimmur*.

Það er reyndar ekki alveg augljóst að nítjándu aldar dæmin séu fullkomlega óafmarkandi, sbr. eftirfarandi dæmi:

- (42) Þó sýnist henni af bræðrunum Brynjólfr **blíðlegast** og **allra saklauslegast góðmennið**. (GudMagn-1845)

Ef L stæði hér alveg utan við tilvísun N *góðmennið* í óafmarkandi merkingu, þ.e. væri eins og stýfð tilvísunarsetning (*góðmennið, sem (svo vildi til að) var blíðlegast og allra saklauslegast*), gæfi það í skyn að hinir bræðurnir væru ekki góðmenni. Undanfarandi textasamengi er ekki í samræmi við þá væntingu því öll systkini Brynjólfs eru góð börn eins og hann sjálfur (tilv. rit, s.s.): „En góð börn segir Sigríður mín, að öll hans systkini séu, og eins sjálfur hann.“ Svipaða sögu er að segja um eftirfarandi sem tæpast gengi í nútímamáli:

- (43) fyrir utan prestinn er eg **sú eina manneskja** á bænum, sem ekki hefi lamast af sóttinni, sem fólkið hefir verið að liggja í, bæði hér og annarsstaðar (GudMagn-1847)

Hér er engu líkara en að um sömu afmarkandi merkingu sé að ræða og með viðskeyttum greini: *eina manneskjan á bænum*.

Þó að merkingarfræðileg skilyrði fyrir notkun þessarar setningagerðar séu yfirleitt nokkurn veginn hin sömu og í nútímamáli (sjá þó hér að neðan) er töluverður munur á því með hvaða liðum setningagerðin getur staðið eins og nánar verður vikið að í 4. kafla hér á eftir. Áður en það verður gert skulum við hins vegar glöggva okkur nánar á frekari vísbendingum um plássin innan ÁL.

3.3. Tvöföld ákveðni

Eins og vikið var að hér á undan er tvöföld ákveðni eitt hinna áberandi atriða sem almennt greinir íslensku að frá hinum skandinavísku málunum. Til upprifjunar er aðalmynstrið sýnt í (44) (sbr. Vangsnes 2003:116):

(44)	a. húsið b. húsið c. huset d. huset	(45)	a. langa húsið b. *(tað) langa húsið c. *(det) lange huset d. *(det) långa huset	<i>íslenska</i> <i>færeyska</i> <i>norska</i> <i>sænska</i>
------	--	------	---	--

Hugmyndin er þá gjarnan sú að L hindri færslu N í ÁL í skandinavísku málunum, nema í íslensku. Þetta tengir Vangsnes (2003) við ríkulega beygingu L í íslensku eins og kom fram í 1. kafla hér á undan. Hvernig skyldi slíkum hugmyndum farnast frammi fyrir nítjándu aldar íslensku?

Rétt eins og í nútímaíslensku virðist venjan í nítjándu aldar máli vera sú að N færist í ÁL, sbr. (45a), en svo forvitnilega vill til að hitt mynstrið, (45b-d), finnst líka. Hvort mynstrið um sig er sýnt í (46)-(47):

- (46) a. En þar eg býst ei við það verði annað en venjulegast er, að menn taki ölvaðir að gjörast og fái þá **hið lakara vínið**, finnst mér eins gott að skrifa þér strax. (BskGrd-1-061)
 b. Í söfnuði síra Árna er allt í ró og friði, þá að víða annarsstaðar tíðkist **hin breiðu spjótin**. (BskGrd-1-275)
 c. Og þó mér kynni að skjátla með hið seinna, þá skal eg passa **hið fyrra ráðið**. (BskGrd-1-300)
 d. Þess verr hafa margir gleymt að safna forða til **hinna hörðu áranna**, sem þó ekki hafa verið sjaldgæf hér í landi. (HB-02-036)

(46b) er vitaskuld þekkt samband í flokki „fleygra setninga“ (sbr. *þau tíðkast hin breiðu spjótin* úr Grettis sögu) en það er ekki augljóst að hið sama eigi við um hin dæmin. Merkilegt er að (46c) er ekki í hefðbundinni óafmarkandi merkingu sinni, sem lausi greinirinn hefur venjulega í nútímamáli, heldur er merkingin þar afmarkandi: *hið seinna [ráðið] – hið fyrra ráðið*. Aðeins þessi fjögur dæmi fundust um tvöfalda ákveðni með lausa gr. *hinn*, L og [+ákv.] N (sjá um lausa gr. *sá* hér að neðan).

Til samanburðar fundust um 270 dæmi um hið hefðbundna nútímamálsmyndur:

- (47) a. Þá sáum við nú **fallega hjálminn** eða **ljósakrónuna**. (AlfJon-1820-01-01)
 b. **Hægri hendin** mín er orðin svo óstyrk og ónýt, að mér er orðið ómögulegt að skrifa læsilega. (HB-02-017)
 c. **Heila verkið** sendi eg þér (Hafnarst.-1831)

Þrátt fyrir að *sá* virðist vera algengari á f.hl. 19. aldar sem laus ákv. greinir (sbr. hér á undan) stafar dæmafæð um tvöfalda ákveðni af þessu tagi ekki af *sá/hinn* breytileikanum. Aðeins tvö dæmi fundust um hliðstæða formgerð og í í (46) með *sá*.¹³

- (48) a. Ekki ætlast eg til, að þú yfirgefir þitt embætti fyrir þá ákvörðuðu tíð, en það ætlast eg til, að þú **það fyrsta sundið** er fært, fáir þig lausan snöggvast (HB-01-004)
 b. Það eru nú á Íslandi nógar sýslur liðugar, enda vænti eg **þeir nýmóðins mennirnir** hafi ei lyst til þeirra, þeim þykir þær fátækt brauð. (RagnThor-1814-09-04)

Tilvist þeirrar tvöfaldarar ákveðni sem kemur fram í nítjándu aldar íslensku gerir það hins vegar fremur langsótt að tengja sjálfstætt ákveðniorð í Á við hausafærsluhömluna þar sem L hindri færslu N í ÁL. Ekki blasir t.a.m. við hvernig beygingarfræðilegir þættir ættu að koma þar við sögu, líkt og t.d. Vangsnes (2003) ýjar að. Þar virðist greiningu Julien (2005) farnast betur, þ.e. að breytileikinn felist í aðráttarafla Á. Þá er breytileikanum fundinn staður í orðasafninu (hvort ákveðniorðið sem teppir Á hefur það aðráttarafl eður ei), en óljóst er hins vegar af hverju munurinn stafar. Vegna þess hve málkerfi 19. aldar og nútímamáls eru lík að flestu öðru leyti virðast tilbrigðin hér síst til

13 Dæmi á borð við (i) er ekki talin með:

(i) **Sú eldri systranna** er eftirmynd föður síns. (BskGrd-1-266)

Hér er ákv. greinir með L ekki í sama sambandi við N og í hinum dæmunum (sbr. *sú eldri, sú eldri af systrunum*).

uppörvunar þeim sem vildu finna einhverja ákveðna málfræðilega þætti sem skýrðu breytileikann á kerfisbundinn hátt. Hér að neðan munum við þó sjá enn frekari vísbendingar um að innviðir nafnliðarklasans hafi verið töluvert frábrugðnir nútímamáli.

Ofangreint umhverfi er ekki eina mögulega birtingarmynd tvöfaldrar ákveðni. Ólafsfjarðar-eignarfallið svokallaða er t.a.m. þekktur svæðisbundinn breytileiki í íslensku sem á sér rætur í fornu máli (sjá t.d. Halldór Ármann Sigurðsson 2006, Guðjón Ragnar Jónasson 2008:68-69, Höskuld Bráinsson 2010a og tilv. þar). Eins og fram kemur í fyrrnefndum ritum er breytileikinn ekki bundinn við Ólafsfjörð en það virðist vera hans helsta kjarnasvæði. Í honum felst að eignarfall birtist með eiginnafni eða höfuðorði með viðskeyttum greini, sbr. t.d. *billinn Jóns* og *bókin kennarans*,¹⁴ þar sem víðast hvar annarsstaðar á landinu er notað bert N, *bill Jóns/mannsins*, eða fornafnagreinir með eiginnöfnum, *billinn hans Jóns*, sem oft eru talin [+ákveðin] (sbr. t.d. Hankamer og Mikkelsen 2002:158).

Formgerðir hliðstæðar þessum eignarliðum með [+ákveðnu] N finnast einnig í 19. aldar efninu en þær eru ekki algengar í samanburði við hefðbunda notkun þar sem N er formlega [-ákveðið]:¹⁵

- (49) a. eg segi það satt, að eg hefi varla höfuð til að þola **rulluna kaupmannsins**.
(BskGrd-1-159)
- b. Þessir reikningar eru ekki fyrir mitt höfuð; eg þoli ekki **rulluna kaupmannsins**.
(BskGrd-1-215)
- c. Eg ætlaði að segja þér undan og ofan af **búskapnum hjónanna** hérna
(GudMagn-1847-09-26)
- d. Eg hefi séð **bréfin madömmunnar í Sviðholti** til annarra, og ... (GudMagn-1844-06-13)
- e. Eg sendi þér **bréfið smiðsins**, en fingurbjargirnar heyrðu mér til.
(RagnFinn-1799-05-06)
- f. fyrir hverja eg fæ aldrei prísað svo **nafnið Drottins** sem verðugt er, að ... (SIK-01-12)
- g. Eg bað amtmann minn selja ei **jarðarhundraðin Siggeirs míns**. (SIK-01-34)
En nú er að hrökkva eða stökkva, því í þessari viku fer **skipið Rodemeistarans**.
(Hafnarst.-1835-04-20)

Aðeins ofantalin dæmi fundust um þessa formgerð. Til samanburðar fundust ca 400 dæmi um hefðbundnu formgerðina *bréf smiðsins* þar sem höfuðorðið er ekki formlega ákveðið.

Að lokum kann hliðstæð setningagerð að hafa verið tæk með lausum gr. (eða áfn.), sbr. (50):

- (50) [...] ráðslaga um **þess héraðsins nauðsynjar**, sem þeir heyra til (BaldvEinars-1831-03-21)

Þessi notkun minnir á (46) og (48) hér að ofan og er stakdæmi. Þar sem tvöföld ákveðni kemur fram bæði með *hinn* og *sá* er við því að búast að dæmi á borð við (50) finnast einnig.

Í þessum undirkafla höfum við séð hvernig laus greinir og viðskeyttur geta birst samtímis, lausi á forsviði ÁL og viðskeytti á baksviði hans. Næst skulum við kanna annars konar samspil sem bundið er við forsvið ÁL.

14 Sjá um hliðstæðan breytileika í austursænsku, sbr. nmgr. 7 hér að ofan.

15 Sumsstaðar leynist formleg tvíræðni, t.d. hvort *jagtinni Jóhönnu* vísi til eignar Jóhönnu eða nafns skipsins:

(i) Þriðja bréfið skrifaði eg með seinasta skipinu, **jagtinni Jóhönnu**. (HB-02-055)

Ekki hefur verið minnst á neina Jóhönnu í bréfinu svo einboðið virðist að túlka þetta sem nafn skipsins. Þá eru dæmi um eignarfallslið á undan höfuðorðinu en þau geta verið samsetningar:

(ii) [...] ekki meira en fyrir **Þorkels þunna vísurnar**. (ThorstHelga-1826-05-0)

Áður hafa verið nefndar til sögunnar *Marðarvísurnar* og eðlilegast að greina *Þorkels þunna vísurnar* á sama veg.

3.4. Samkeppni um pláss á forsviði nafnliðar

3.4.1. Eignarfornöfn og ákveðni

Ólíkt nútímamáli koma eignarfornöfn fyrir með ákveðniorðum en þetta virðist ekki vera mjög algengt mynstur, alls 17 dæmi. Yfirleitt er um að ræða ábendingarfornafnið *þessi* eins og í (51):

- (51) a. fengið að vita **þennan þinn** vilja (BskGrd-1-026)
b. sem meðdeildi mér **þessa þína** föðurgleði, að [...] (BskGrd-1-066)
c. **þennan minn** elskara (GudMagn-1819-00-00)
d. að halda af **þessum mínum** velgjörara. (Hafnarst.-1826-05-02)
e. Eg fékk **þetta þitt bréf** úr biskupshúsinu í Reykjavík (RagnThor-1813-08-09)
f. gleymt **þessu sínu** góða loforði. (HB-02-046)

Það er erfitt að þrengja að þessum liðum til þess að átta sig nánar á stöðu þeirra en í (52a,b) sjáum við a.m.k. að slík dæmi eru möguleg með lýsingarorðum og í (52c) bendir magnorðið *allt* til þess að áfn. og efn. séu saman innan ÁL:

- (52) a. svo berorður um **þessa vora vigtugu** innretning. (GeirBskG-1-024)
b. vildi blessa þig og varðveita þig í **þessu þínu nýja** standi. (SIK-01-21)
c. þrýðilega hefur hann með guðs hjálp borið **allt þetta sitt** mótlæti. (SIK-01-07)

Aðeins tvö af þessum dæmum eru með *sá*:

- (53) a. heyra **þær mínar** bænir. (GudMagn-1845-01-23)
b. fyrir **þann minn** slóðaskap (HB-02-112)

Hvorki fundust dæmi um öfuga röð þessara liða, t.d. *mínar þær/þessar bænir* né heldur um að efn. stæði á forsviði N þar sem N var með viðskeyttum greini (t.d. *mitt húsið*).^{16,17} Ekki fundust heldur dæmi um efn. með ákv. greininum *hinn*. Allt bendir þetta til þess að staða *sá/þessi* sé aðgreind frá ákveðniorðum/greininum og að þau keppi því ekki um sama sætið (sjá einnig næsta undirkafla).

Það vekur athygli að öll dæmin hér að ofan eru með efn. sem beygist ríkulega (t.d. í falli). Það eru m.ö.o. engin dæmi með óbeygjanlegu efn. *okkar*, *ykkar* og *þeirra*. Tilviljun ein kann auðvitað að ráða því að *þetta hans X* eða *það okkar X* komi ekki fyrir í ekki stærri málheild en hér er notuð.¹⁸ Það væri í raun fremur óvænt að málnotendur kæmu sér upp sérstöku kerfi fyrir einmitt þessi fornöfn en ekki hin. Hliðstæð umræða vaknar einnig um ólíkt ríka beygingu meðal sagnorða ef sagnfærsla er látin tengjast beygingarfræðinni býsna nánnum böndum; þar er eitt er látið ganga yfir allt sagnkerfið enda þótt beyging einstakra sagna sé misjafnlega ríkuleg og nauðsynleg aðgreining til þess að krefjast sagnfærslu komi ekki fram með þeim öllum (sbr. Höskuld Þráinsson 2010b). Málnotendur hljóta því að koma sér upp alhæfingum sem ná til alls kerfisins í heild, ekki einstakra meðlima sagnkerfisins, eða eins og hér, eignarfornafnanna. Aftur á móti kann að vera að eftir því sem fækkar í flokki beygjanlegra eignarfornafna aukist að sama skapi líkurnar á því að málnotendur líti

16 Frá þessu er eitt mögulegt frávik en þar á sambandið *sinn – hver* í hlut:

(i) [...] eg hætti hér með, því nóg er nú að skrifa, **sinn pósturinn** fer **hvern daginn**. (BskGrd-1-217)

Ekki er gott að segja hver formgerð sambandsins er. Að a.m.k. í nisl. er mikil fjölbreytni (t.d. *sinnhver*).

17 Að vísu fannst dæmi þar sem efn. fer á undan áfn. *sá* en þá flyst pfn. með N (eða *það í fyrra haust* er viðhengi):

(i) Þér þykir **bréf mitt það í fyrra haust** vandlætingasamt og alvörugefið viðvíkjandi O. F (BskGrd-1-042)

Ef formgerðin er *það mitt bréf í fyrra haust* áður en færslur eiga sér stað er dæmið hliðstætt þeim sem sýnd voru hér að undan í meginmáli.

18 Leit í Textasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum leiðir nokkur dæmi í ljós frá 18. öld, t.d. *það þeirra áform og sú þeirra ályktan*. Frá 17. öld eru einnig dæmið *í því okkar samtali*. Eftir því sem við fikrum okkur fjær okkur í tíma aukast hins vegar líkurnar á því að sum þessara fornafna hafi beygst, líkt og að fornu. Dæmin frá 17. og 18. öld benda hins vegar til þess að engin takmörkun sé á dæmum af þessu tagi, þ.e. að óbeygjanlegu efn. hafi einnig getað staðið með ákveðniorðum.

Ólíkt *sá hinn* hér að ofan finnast engin dæmi um hið gagnstæða: *hinn sá/þessi*. Ef afleiðslan er í líkingu við (56) ættum við kannski von á að áfn. gæti verið kyrrstætt í BendiL/ÁbL. Möguleg skýring á því að *sá* virðist alltaf verða að flytjast í ákvÁL kann að vera hliðstæður kröfu um sögn í öðru sæti. Ef N flyst venjulega í ÁL vegna sömu kröfu, þar sem greinirinn gegnir hliðstæðu hlutverki og sögn í öðru sæti en N hlutverki frumlagsins (*maður_j - inn_i = Jón_j fór_i*) væri formgerðin *hinn sá* í raun sambærileg *fór Jón* þar sem *Jón* hefur ekki flust í ákvBL, eða m.ö.o. þar sem *Jón* hefur ekki fengið merkimiða. Þetta síðara væri því í raun brot á ytra vörpunarskilyrðinu eins og það er sett fram hjá Chomsky (2013).

Þó að þetta séu forvitnilegar pælingar verður hér látið staðar numið að sinni. Við skulum hins vegar kanna nánar sveigjanleika nafnliðaklasans m.t.t. annarra liða sem geta rúmast innan hans.

3.4.3. Ríkuleg formgerð innan nafnliðar?

Eins og ýjað var að í 1. kafla virðist nafnliðurinn í nútímaíslensku ekki eins fjölhæfur og í mörgum öðrum málum. Þannig virðist t.a.m. ekki vera hægt að hafa tvo samsetta liði á forsviði N (a.m.k. ef annar er með fornafnsgreini) en þetta var hægt í mállýsku sem töluð er í Þrændalögum, sbr. (25), endurtekið sem (57):

- (57) **din** och **hännes Ingeborg** del
‘Þinn hluti og hennar Ingeborgar’

Eins og minnst var á í 1. kafla eru slík dæmi ekki með öllu ómöguleg í nútímamáli svo fremi sem ekkert ákveðnið (hér fornafnsgreinir) stendur með samsetta liðnum. Í sendibréfunum fannst hins vegar nokkuð hliðstætt dæmi með efn., sbr. (58):

- (58) að tillagðri **minni** og **Magnúsar míns** hjartanlegri ástarheilsan til þín og barna þinna.
(RagnFinn-1799)

Þanþol nafnliðarins virðist því vera meira en síðar varð. Þetta eru raunar ekki einu merkin um það því við sjáum í (59) að hægt er að mynda býsna flókin sambönd innan nafnliðarklasans:

- (59) a. Tvö yðar kærkomin elskuleg tilskrif og [[**þeim báðum fylgjandi**] [**mikið velkomnar sendingar**] þakka eg yður hjartanlega (SIK-01-10)
b. Eg er [**þín**] [**þig af hjarta elskandi**] systir (GudMagn-1845)

Rúmlega 100 dæmi finnast um þessa setningagerð þar sem innri rökliður (andlag) stendur innan nafnliðarins, sbr. *þeim báðum meðfylgjandi* í (59a) og *þig ... elskandi* í (59b), og/eða þar finnast atvikslegir liðir á b.v. *af hjarta*, sbr. (59b) og hér að neðan. Dæmin er flest að finna í talsvert formúlukenndu umhverfi í kveðjum í lok bréfanna (90 dæmi), þ.e. dæmi hliðstæð (59b). Þau gefa því áreiðanlega skakka mynd af tíðni fyrirbærisins. Setningagerðin finnst einnig þar sem þakkað er fyrir sendingar (7 dæmi), yfirleitt með (*með*)*fylgjandi*, þ.e. hliðstæð (59a), e.t.v. líka að einhverju leyti formúlukennt, en 8 dæmi eru um fjölbreyttari notkun með (*af*) *fljótandi*, *elskandi*, *grasserandi*, *residerandi*, *sýnandi*, *tilheyrandi*, auk *fylgjandi*. Nokkur slík „frjórri“ dæmi úr eru sýnd í (60):

- (60) a. ... koma í veg fyrir, að þeir ábatist á ferðum sínum, og jafnvel hægt **þeim í Khöfn residerandi grosserum** að leggja óþrjótandi hindranir í veg fyrir þá. (BskGrd-1-01)
b. ... yrði yfirlátin afgift af **nokkrum klaustrunum tilheyrandi jörðum í Grímsey**. (GeirBskG-1-128)
c. **sú hér um sama leyti grasserandi slímfeber**. (GeirBskG-1-088)

{XL, YL}, verður önnur að færast úr vegi svo að þær geti fengið merkimiða. Þannig stingur Chomsky (2013:43-44) upp á að skýra ytra vörpunarskilyrðið fremur en að einhver krafa sé beinlínis um að í ákveðnum formlíð í setningunni (ákvBL) sé frumlag. Sá formlíður verður m.ö.o. til vegna þess að önnur einingin varð að færast.

- d. Það er sannarlega **guð elskandi manneskja** með stilltu og blíðu hjarta.
(GudMagn-1844-06-13)
- e. Við þetta og **annað hér af fljótandi tjón** eyðileggjast innbúar að líkindum (HB-01-092)

Öll þessi dæmi líkjast nokkuð innlimuðum tilvísunarsetningum á borð við þær stýfðu tilvísunarsetningar sem Pfaff (2014) gerir ráð fyrir að búi að baki sterkum/óákveðnum L með [+ákveðnu] N í kafla 3.2 og 4. kafla hér á eftir. Þau jafngilda þá tilvísunarsetningu á borð við (*tilskrif*), *sem báðum fylgdu mikið velkomnar sendingar* í (59a), og (*þín systir*), *sem elskar þig af hjarta* í (59b). Dæmin sem ég hef rekist á af þessu tagi eru öll með sama *-andi*-formi lýsingarháttar nútíðar. Þar með líkjast þau *ing*-nafnyrðingu í ensku, sbr. *your loving sister*. Skandinavísku málin hafa ekki möguleika á slíkum „sagnyrðislegum“ nafnyrðingum ekki frekar en nútímaíslenska, ólíkt t.a.m. hollenskum sagnyrðislegum nafnháttarsetningum innan nafnliðarins (sjá Julien 2005:152, nmgr. 7):

- (61) [Het [op konijnen jage-n [in de zomer]] is verboden.]
ÁKV.GR. á kanínum veiða_{NH} á sumrin er bannað
'Veiði á kanínum er bönnuð á sumrin.'

Í hollensku ganga slíkar nafnyrðingar lengra en í ensku því þær leyfa m.a. atviksorð, atvikslega liði og andlög innan nafnliðarins, einmitt hliðstætt (59)-(60) hér að ofan (sbr. Elffers, de Haan og Schermer 2012:133, dæmi þaðan):

- (62) a. [de [gisteren [bij mijn buurman] gestolen] voorwerpen]
ÁKV.GR. í gær hjá mínum nágranna stolnir hlutir
'Hlutirnir sem var stolið hjá nágranna mínum í gær.'
- b. [het [mij gegeven] boek]
ÁKV.GR. mér gefin bók
'Bókin sem mér var gefin.'

Talsvert óljósar hömlur gilda í hollensku um það með hvaða sögnum nafnyrðing af þessu tagi er möguleg en skv. Elffers o.fl. (2012:154) er setningagerðin því aðeins möguleg að viðeigandi þol-andamerking sé aðgengileg og ef um sé að ræða hreyfingarsagnir má ekki vera hægt að túlka þann sem vísað er til sem geranda.²³ Í nítjándu aldar íslensku hlýtur því a.m.k. að verða að gera ráð fyrir að formgerð innan nafnliðarins sé ríkulegri en í nútímaíslensku og öðrum skandinavískum málum og jafnvel að möguleikarnir séu meiri (eða aðrir) en í hollensku hvað varðar fyrrnefnda þolanda-merkingu. Alhæfingin um hollensku notkunina nær a.m.k. engan veginn yfir hina íslensku.

Í hollensku er nafnyrðing talin alvanlegt fyrirbæri, einnig í mæltu máli (sbr. Elffers 2012:130-131) en fyrirbærið er talið bundið við ritmál þar sem mjög flóknir liðir komi fram innan þessarar formgerðar (sbr. tilv rit:130): „It seems to us that these more elaborate APP clusters occur only in written language“. Frekari rannsóknar er þörf til þess að kanna þessa notkun nánar í nítjándu aldar íslensku. Það er t.a.m. alls ekkert víst að möguleikar sem þessir séu beinlínis háðir einhverjum formlegum atriðum sem séu ólík með þessum málum. Munurinn felst e.t.v. einvörðungu í málnotkunarlegum þáttum, ekki þeim formliðum sem sé að finna innan nafnliðarklasans.²⁴

Ekki verður leitað svara við þessum spurningum að sinni en við skulum í lokin snúa okkur aðeins nánar að innviðum nafnliðarklasans m.t.t. tilgátu Pfaffs (2014) um að sterkt beygt eða óákveðið L standi utan nafnliðarklasans, sem getið var hér á undan.

23 Að einhverju leyti virðist notkunin m.ö.o. möguleg einnig með óakkúsatifum sögnum en Elffers o.fl. (2012:150-151) gefa í skyn að það sé eftir sem áður ekki rétt greining á notkuninni. Skiptar skoðanir virðast vera um máldóma.

24 Hér er átt við að (algildis)málfræðin leyfi slíkar formgerðir en það sé misjafnt upp að hvaða marki, ef nokkru, formgerðir af þessu tagi hafa verið venjuvæddar (e. *conventionalised*). Svarið „af því bara“ er auðvitað hvorki djúpt né mjög forvitnilegt en það virðist mjög langsótt að finna einhverjar djúpstæðari skýringar á þessum möguleikum. Sjá einnig Höskuld Þráinsson (2007:113) um breytileika milli mála sem sennilega stendur utan við setningafræðina.

4. Nánari umræða um stöðu lýsingarorðsins innan/utan nafnliðarklasans

Greining Pfaffs (2014) gerir ráð fyrir því að sterk/veik beyging ráðist alfarið af því hvort L er innan eða utan ÁL: L er veikt ef það er innan ákveðniliðsins, þ.e. ef Á liðstýrir L, en annars óákveðið. Í dæmum á borð við (32), endurtekið sem (63), sé *rauður* því utan alls nafnliðarklasans, þ.m.t. ákveðniliðarins sem við höfum gert ráð fyrir að umlyki jafnan allt milli lauss ákveðins greinis og N:

(63) Rauður bíllinn (= (32))

Við munum nú sjá að tilgáta Pfaffs (2014) getur varla verið rétt. Það eru reyndar fyrirfram ákveðin vandamál tengd því að hafa sterkt beygt L með N sem er [+ákveðið] utan afbyggða nafnliðarins vegna þess að eftir sem áður sýnir L samræmi við N (kyn, fall, tala). Einhver orð þarf því að hafa um það hvernig slíkt samræmi er ákvarðað enda gerir Pfaff (2014) ekki einu sinni ráð fyrir að L sé grunnmyndað innan nafnliðarklasans, þar sem samræmið gæti upphaflega ákvarðast, en flytjist síðar út úr honum. Ákörðun samræmisins skal látin liggja milli hluta hér en í staðinn skulum við beina sjónum okkar að afstöðu L til annarra liða innan nafnliðarklasans.

„Sönnunargögnin“ beinast að tveimur skyldum atriðum:

- Vísbendingar tengdar liðum utan ÁL benda til þess að sterkt beygt L með [+ákveðnu] N sé ekki mjög fjarri ÁL.
- L getur verið sterkt jafnvel þar sem það væri skv. Pfaff (2014) innan ÁL; þar liðstýrir Á ótvírátt L og greining Pfaffs spáir því ranglega veikri beygingu.

Fyrri atriðið er e.t.v. léttvægara en hið síðara, enda veita liðir sem sjálfir eru sennilega utan nafnliðarklasans ekki góðar vísbendingar um hvað er innan hans. Það má hins vegar velta fyrir sér hvaða takmarkanir ættu að vera á því að L, sem standi utan ÁL, verði að fara á eftir tilteknum liðum sem kveða nánar á um ÁL. Ef L í (32)/(63) er í raun stýfð tilvísunarsetning (sbr. Pfaff 2014) ætti ekki að vera nein sérstök krafa um að *rauður* gæti ekki staðið hærra í formgerðinni en t.d. magnliðir. Það er hins vegar hægara sagt en gert að finna dæmi um að magnorð á b.v. *sérhver* komi fram í umhverfi hliðstæðu (32)/(63) því það krefst N sem er [-ákveðið], sbr. *sérhver rauður himinn*(inn)*. Við finnum þó a.m.k. dæmi í nítjándu aldar íslensku þar sem L í þessu samhengi fer strax á eftir jákvæðnisorðinu *einhver* í ótiltekinni tilvistarmerkingu:

(64) Eg vildi þú vildir gjöra svo vel og bera hann fram fyrir **einvern góðan lækninn**
(RagnMagn-1829)

Í (64) á *einhver* við *lækninn* en ekki *góðan* og það virðist því engin formleg krafa vera um að L þyrfti endilega að fara á milli jákvæðniorðsins og [+ákv.] N. Aftur á móti fundust engin dæmi um hið gagnstæða sem skv. minni máltilfinningu væri fullkomlega ótækt (**góðan einvern lækninn*). Af greiningu Pfaffs (2014) blasir ekki við af hverju *góður* ætti ekki að geta staðið á undan jákvæðnisorðinu.

Sterkari röksemdir veitir umhverfi þó þar sem L birtist sannarlega innan ÁL ef miðað er við hefðbundnar gefnar forsendur um formgerð ákveðniliðar og alls nafnliðarklasans. Dæmi sem fylgja þessu mynstri eru a.m.k. af fernum toga, þar sem eitthvað sem markar bæði efri mörk/vinstri jaðar og neðri mörk/hægri jaðar ÁL og NL „þrengir“ að (stendur umhverfis) L.

Í fyrsta lagi er um að ræða eftirfarandi dæmi þar sem sterkt/óákveðið L birtist innan heils eignarliðar sem á við höfuðorð í eignarmerkingu („saxneskt eignarfall“; undirstrikun marka/jaðra):

(65) vínsstaup voru útteild við brúðkaup velnefnds Þorsteins Jónssonar (GeirBskG-1-126)

Þetta er þó aðeins röksemd ef við lítum á eiginnöfn sem [+ákveðna] liði. Svo þarf ekki að vera, sbr. að mögulegt er að bæta við þau greini (sjá t.d. Halldór Ármann Sigurðsson 2006). Aftur á móti sýnir þetta að L hlýtur hér að standa innan ÁL.

Í öðru lagi eru dæmi með eignarfornöfnum á forsviði [+ákveðins] N þar sem við finnum eftir sem áður sterkt/óákveðið L:²⁵

- (66) a. mér þykir verst að drengur, sonur míns gamals lærisveins, sem ... (BskGrd-1-285)
b. með sinni margfaldri blessan. (RagnMagn-1830)
c. 13 voru á fundinum, þar af 6 hans vissir Vinir (Hafnarst.-1826)
d. að skila sinni auðmjúkri þakklætisheilsan til þín (RagnFinn-1798-11-20)
e. og er það mín einlæg hjartans ósk. (SIK-01-21)
f. Það er nú mín innileg hjartans ósk. (SIK-01-35)
g. með hans þekkjanlegri hönd; (BskGrd-1-209)
h. og nú vill stjórnin álíta oss sem sín elskuleg börn. (BskGrd-1-247)
i. að tillagðri minni og Magnúsar míns hjartanlegri ástarheilsan til þín og barna þinna (RagnFinn-1799)

Þessi dæmi eru ótæk skv. minni máltilfinningu. Skýringin á því að dæmi af þessu tagi voru möguleg á 19. öld er áreiðanlega fölginn í setningafræðilegum mun á stöðu eignarliða almennt, sbr. undirkafla 3.4.1. Hér veitir níttjándu aldar íslenska því vísbendingar um stöðu L sem ekki er hægt að prófa í nútímaíslensku af ástæðum óháðum (greiningu á) L. Talsvert miklar kúnstir væru nauðsynlegar til þess að greina L utan ÁL í þessum dæmum og færa yrði fyrir því einhver óháð rök.

Í þriðja lagi gat töluliður, sem einnig er talinn vera innan ÁL, farið á undan L:

- (67) a. Hjartanlega þakka eg þér, systir mín góð, tvö elskuleg tilskrifin (RagnFinn-1797)
b. Tvö yðar kærkomin elskuleg tilskrif (SIK-01-10)

Í (67a,b) sjáum við nokkurs konar lágmarkspar þar sem N er [+ákveðið] og [-ákveðið]. Til þess að koma viðskeytta greininum á N í (67a) eru tvær leiðir færar. Annars vegar að gera ráð fyrir að *tvö elskuleg tilskrifin* hafi allt flust í ÁL eða að [+ákveðið] sé skrifað út á N þar sem það er kyrrstætt í NL. Þetta síðarnefnda væri e.t.v. meira í takt við þann breytileika sem við finnum, ekki síst þá staðreynd að tvöföld ákveðni var einnig möguleg, þar sem óháð rök benda til þess að hægt sé að mynda viðskeytta greininn beint á ófluttu N eins og í færeysku, norsku og sænsku. Um þennan möguleika vitnar líka [-ákveðið] N í (67b), þar sem N hlýtur að vera óhreyft í NL og afmarkar þar neðri mörk nafnliðarklasans en töluliðurinn og eignarliðurinn efri mörkin.

Í fjórða og síðasta lagi gat *sá*, sem ákv.gr. eða áfn., farið á undan L í umhverfi af þessu tagi:

- (68) a. Það skal vera sá óvenjulegur asi á Biblíu B., að vestur skal ætla á morgun; (BskGrd-1-108)
b. Hann lítur „þá skammarlega klögun Guðlaugsens“ á hendur Ásgrími presti óhýru auga (GeirBskG-1-178)

Óháð því hvort *sá* er greint sem greinir eða áfn. í (68) er for- og baksvið N kyrfilega markað og L stendur innan þess. Að mínum dómi eru því góð rök fyrir því að greina L innan en ekki utan ÁL.²⁶

25 Sjá um (66i) í kafla 3.4.3. Einnig skal áréttað hér að (66) er ekki hið venjulega mynstur með eignarfornöfnum. Fjöldi dæma er um veikt beygt/ákveðið L í þessu samhengi að nútímahætti (*hans góða bréf, sín fullu laun, hans tignarlega og karlmannlega yfirbragð, hennar ljúfasta vilja* o.s.frv.).

26 Með þessu útiloka ég vitaskuld ekki að mögulegt sé að mynda lýsingarorð sem eigi við N innan ÁL þar sem L er eftir sem áður grunnmyndað utan ÁL. Sá möguleiki er nauðsynlegur til þess að mynda dæmi á borð við (i):
(i) Guð gefi þér þetta nýupprunna ár **blessað** og **farsælt**.

En hvað ræður í senn ólíku formi og ólíkri virkni? Mögulega á þetta fyrirbæri eitthvað skylt við það sem í málfræðilegri umræðu er talað um sem innri/ytri (e. *intrinsic/extrinsic*) eiginleika hluta:

- (69) a. Blái / #Blár bíllinn er fjólublár í kvöldsólinni
b. #Blár himinninn er rauður í morgunsólinni

Það er ankannaleg að nota óákveðið form lýsingarorðsins ef ætlunin er að lýsa breytanlegum ytri eiginleikum hluta eins og litar eftir aðstæðum. Það er gefið (e. *presupposed*) að bíllinn/himinninn hafi verið (og sýnst vera) blár, þ.e. vísað til ytri eiginleika, og þá er merkingarlega ótækt að segja að hann hafi verið einhvern veginn öðruvísi.²⁷ Ákveðna/veika formið í (69a) vísar til innri eiginleika bílsins, sem er blár, og hann getur sem best virst fjólublár enda er þar aðeins vísað til ytri eiginleika. Þetta er frábrugðið þeim setningum sem Eiríkur Rögnvaldsson (1984:76) fjallar um þar sem hægt er að hafa „andstæð lýsingarorð“ með *mála*:

- (70) a. Vésteinn málaði rauðan bílinn
b. Vésteinn málaði rauðan bílinn gulan

Í (70a) er ekki tekið fram hvernig bíllinn er eftir að hann hefur verið málaður og í (70b) er tekið fram að bíllinn, sem var rauður, sé nú orðinn gulur (=andlæg sagnfylling).

Ég tel að hin svonefnda óafmarkandi merking komi til af fyrnefndum mun innri og ytri eiginleika en að setningafræðilega séu óákveðnu/sterku og ákveðnu/veiku lýsingarorðin í setningum með ákveðnu nafnorði eins. Vegna þess að það er formlegt misræmi á milli óákveðins („sterks“) forms lýsingarorðs og ákveðins („veiks“) forms nafnorðsins er eina leiðin til þess að túlka merkingu dæmis eins og (32) sem svo að það vísi til „óeiginlegra“ (þ.e. ytri) eiginleika. Það væri hliðstætt því sem haldið hefur verið fram um ólíka túlkun óákveðinna nafnliða í málum sem hafa óákveðinn greini (sbr. Castella 2014:85 o.áfr., eftirtalin dæmi bls. 87-88):

- (71) a. E' stato **presidente** senza mai essere **un presidente**
b. Han har vært **president** uten å være **en president**
'Hann hefur verið (kjörinn) forseti án þess að vera (eins og) forseti.'

Þetta táknar því að þrátt fyrir að viðkomandi hafi gegnt stöðu forseta (haft innri eiginleika hans) hafi hann ekki hegðað sér eins og vænta megir af manni í hans stöðu (haft ytri eiginleika hans). Castella færir rök gegn því að líta á þetta sem orðasafnsbundinn mun en að hin óeiginlega eða yfírfærða (e. *metaphorical*) merking (=‘vera eins og forseti’) komi fram vegna misræmis innri og ytri eiginleika. Á hliðstæðan hátt væri kannski hægt að segja að samskonar misræmi komi upp í (32) þar sem ákveðið form nafnorðsins vísi til tiltekins fyrirbæris en óákveðið form lýsingarorðsins getur af sér óeiginlega, yfírfærða merkingu (ytri eiginleikar) þegar samræmi við N skortir. Af þessum ástæðum er ekki hægt að stilla upp *rauðum* himni andspænis t.d. *bláum* eða *gulum* innan mengis marglitaðra himna (=bendivísun) enda væri þá vísað til innri eiginleikanna. Ef útskrifað form þess er einfaldlega látið vera hluta af hljóðformi, þann hluta málfræðinnar sem kemur „á eftir“ setningafræðinni, er beygingarfræðilegt form L ekkert sem setningafræðin þarf að hafa áhyggjur af.

Hér eru sannarlega enn margir lausir endar en niðurstaðan er eftir sem áður sú að lýsingarorðið, þrátt fyrir að vera sterkt beygt/óákveðið, hlýtur að vera innan ÁL.

Í (i) er ekki um að ræða ósk um *ár* (eða *nýupprunnið ár*) heldur er um nokkurs konar afleiðingarmerkingu þar sem *blessað og farsælt* gæti verið innan smásetningar.

27 Pfaff (2014:229) talar um þessa merkingu sem anaföru fremur en bendivísun (e. *deictic reference*), þ.e. að bendivísun auðkenni ákveðna tilvísun en anaföran vísi til einhvers innan samhengisins sem er gefið að eigi við um þess sem vísað er til.

Lokaorð

Athugun á nafnliðarformgerð nítjándu aldar íslensku leiðir í ljós margvísleg tilbrigði sem eru óþekkt í nútímamáli, ekki síst hefðbundinni (staðlaðri) nútímaíslensku. Í sumum tilvikum má finna hliðstæður í öðrum skandinavískum málum, t.d. hvað varðar tvöfalda ákveðni í formgerðum með lýsingarorði (*hið fyrra ráðið; það fyrsta sunnið*). Hliðstæð formgerð kemur líka fram með eignar- (falls)liðum í nítjándu aldar íslensku (*bréfið smiðsins; jarðarhundruðin Siggeirs míns*), sbr. hið svokallaða Ólafsfjarðareignarfall sem þekktist í staðbundnu nútímamáli. Þá kom í ljós að fleiri „pláss“ virtust vera innan hins afbyggða nafnliðar sem gerðu eignarfornöfnum og ábendingarfornöfnum kleift að standa með ákveðniorðum (*þetta þitt bréf*), breytileiki sem einnig kemur fram í forn-íslensku, skandinavískum mállýskum og ýmsum öðrum tungumálum heims.

Þessi síðastnefndi breytileiki hefur stundum verið talinn tengdur því hve beygingarfræðilega ríkir slíkir liðir eru. Þó að ekki sé útilokað að slíka tilgátu megi verja í íslensku samhengi, t.d. var bent á að beyging eignarliða hefur sannarlega einfaldast í tímans rás, verður að viðurkennast að sú tilgáta blasir ekki alveg við sem skýring á breytileikanum. Svipað vandamál tengt beygingarfræðinni kemur upp ef skýra á tvöfalda ákveðni með lýsingarorðum með tilvísun til hausafærsluhömlunnar, þar sem ekki er augljóst að orðið hafi nein beygingarfræðileg breyting á beygingu lýsingarorða sem geti skýrt að þau hindri færslu N í ÁL (sbr. t.d. Vangsnes 2003 um færeysku).

Einnig reyndist „þanþol“ nafnliðarklasans vera meira í nítjándu aldar íslensku en í skandinavísku málunum almennt (þ.m.t. nútímaíslensku) m.t.t. atviksliða og annarra innri rökliða sem gátu staðið á forsviði N (*þín þig af hjarta elskandi systir*). Bent var á hliðstæðu í hollensku þar sem svo virðist sem heil, stýfð tilvísunarsetning hafi verið innlimuð í nafnliðinn. Á svipaða lund var athygli vakin á því að sterkt beygð/óákveðin lýsingarorð með nafnorðum með viðskeyttum greini (*hryssingslegur veturinn*), sem einnig hafa verið greindar sem stýfðar tilvísunarsetningar, hafi ekki alltaf haft óafmarkandi tilvísun en séu rétt greind innan en ekki utan ákveðniliðarins (ólíkt Pfaff 2014), sbr. t.d. að þau birtast innan eignarliða og geta farið á eftir lausum greini, töluorðum, og eignarfornöfnum. Stungið var upp á að leiða óafmarkandi merkingu sambandsins og samræmisleysið af misræmi milli eiginlegra og óeiginlegra eiginleika (hliðstætt Castella 2014 um óákv. greini).

Engin formleg leið virðist blasa við til þess að gera breytileikanum sem við finnum í nítjándu aldar máli fullnægjandi skil en leiðdar hafa verið líkur að því að hluti þeirra takmarkana búi e.t.v. „handan við“ setningafræðina. Það myndi þýða að sum tilbrigðin birtist vegna þess að setningafræðin býður einfaldlega upp á þá möguleika, án þess beinlínis að setningafræðin sem slík krefjist þess að þeir möguleikar sem hverju og einu máli (eða réttara sagt hverri og einni málfræði í heila málnotenda) standa til boða verði, af einhverjum djúpstæðum ástæðum, að vera eins og þeir eru. Þó að þetta sé ákveðin uppgjöf gagnvart þáttum sem oft eru nefndir sem mögulegur hvati að ákveðnum breytingum, ekki síst beygingarfræðilegum þáttum s.s. tilvist fallmörkunar, ríkulegs samræmis o.s.frv. (sbr. t.d. Vangsnes 2003), er rétt að halda því til haga að jafnvel í íslensku má finna sögulegar breytingar innan beygingakerfisins. Slíkar breytingar, t.d. hvarf beygðra eignarfornafna innan hluta beygingardæmisins, kunna að hafa leitt til endurtúlkunar á eignarliðum almennt sem ákveðniliðum vegna aukins „innri þrýstings“. Afleiðing þess er að ekki er lengur „pláss“ fyrir eignarliði (og e.t.v. bendiliði) á forsviði N ef Á er teppt, liði sem áður voru í eigin vörpun(um), þ.e. EL og BendiL. Þetta veitir ákveðna von um að a.m.k. hluta tilbrigðanna megi skýra á einhvern grundvallaðan eða reglufastan hátt.

Ef fallist er á lausn Julien (2005) um að mál sem krefjast lauss greinis með lýsingarorðum (eða ella innlimunar inn í N) felist í stærð þeirrar einingar sem er flutt í Á, þ.e. LL í íslensku en NL í hinum skandinavísku málunum, er mögulegt að staðsetja breytileika milli málanna að öðru leyti í sér-mállegum (e. *language-specific*) hluta málfræðinnar „á eftir“ setningafræðinni. Greiningu Embicks og Noyers (2001) er þá hægt að beita á öll skandinavísku málin en eftir sitjum við með spurninguna hvað ræður breytilegri „stærð“ fluttra liða. Mögulega á sá munur sér einmitt djúpstæðar skýringar, e.t.v. beygingarfræðilegar, en til þess að svara þeirri spurningu er nánari rannsókn þörf.

- BskGrd** = *Biskupinn í Görðum*, bls. 9-326. Finnur Sigmundsson (útg.). Rvk., 1959.
- GeirBskG** = *Geir biskup góði í vinarbréfum 1790-1823*, bls. 11-212. Finnur Sigmundsson (útg.). Rvk., 1966.
- Hafnarst.** = *Hafnarstúdentar skrifa heim*, bls. 9-109. Finnur Sigmundsson (útg.). Rvk., 1963.
- HB** = *Húsfreyjan á Bessastöðum*, bls. 1-241. Bréf Ingibjargar Jónsdóttur til bróður síns, Gríms amtmanns. Finnur Sigmundsson (útg.). Rvk. 1946.
- SIK** = *Sendibréf frá íslenskum konum 1784-1900*, bls 1-99. Finnur Sigmundsson (útg.). Rvk. 1952.

Aðrar skammstafanir (bréfitara) vísa til bréfa í eftirfarandi safnútgáfu:

Konur skrifa bréf, bls. 9-148. Sendibréf 1797-1907. Finnur Sigmundsson (útg.). Rvk., 1961.

TILVÍSANIR

- Abney, Steven Paul. 1987. *The English Noun Phrase in Its Sentential Aspect*. Doktorsritgerð, MIT.
- Anagnostopoulou, Elena. 2003. *The syntax of ditransitives*. Mouton de Gruyter, Berlin/New York.
- ANS* = Haeseryn, W., K. Romijn, G. Geerts, J. de Rooij & M.C. van den Toorn. 1997. *Algemene Nederlandse Spraakkunst*. Groningen/Deurne, Martinus Nijhoff uitgevers/Wolters Plantyn. [2. útg.]
- Ásta Svavarsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Guðrún Kvaran. 2014. Language resources for early Modern Icelandic. LREC 2014 Proceedings: LRT4HDA workshop. URL: <<http://www.lrec-conf.org/proceedings/lrec2014/workshops/LREC2014Workshop-LRT4HDA%20Proceedings.pdf>>.
- Besten, Hans den. 1977. *On the Interaction of Root Transformations and Lexical Deletive Rules*. Óútgefið handrit. Instituut voor Algemene Taalwetenschap/University of Amsterdam.
- Besten, Hans den. 1989. *Studies in West Germanic Syntax*. Doktorsritgerð, Katholieke Universiteit Brabant. Rodopi, Amsterdam/Atlanta.
- Biblian* = *Biblía. Það er: Heilög Ritning*. J 5ta sinni útgéfin, á ný yfirkodud og leidrött, ad tilhlutun ens íslenska Biblíu=félags. Videyar Klaustri.
- Bobaljik, Jonathan D. og Höskuldur Thráinsson [=Þráinsson]. 1998. Two heads aren't always better than one. *Syntax* 1.1:37-71.
- Cardinaletti, Anna. 1998. On The Deficient/Strong Opposition in Possessive Systems. Í: *Possessors, Predicates and Movement in the DP*, bls. 17-53. Artemis Alexiadou & Chris Wilder (ritstj.): John Benjamins, Amsterdam.
- Castella, Marta. 2014. *Bare Predicates. Between Syntax and Semantics*. Doktorsritgerð, Verona University.
- Chomsky, Noam. 2013. Problems of projection. *Lingua* 130:33-49.
- Delsing, Lars-Olof. 1988. The Scandinavian noun phrase. *Working Papers in Scandinavian syntax* 42:57-79.
- Delsing, Lars-Olof. 1993. On attributive adjectives in Scandinavian and other languages. *Studia Linguistica* 47.2:105-125.
- Delsing, Lars-Olof. 2003. Syntaktisk variation i nordiska nominalfraser. Í: *Dialektsyntaktiska studier av den nordiska nominalfrasen*, bls. 11-64. Øystein Alexander Vangsnes, Anders Holmberg og Lars-Olof Delsing (ritstj.). Tromsø Studies in Linguistics 22. Novus, Oslo. [Bls.tal miðast við gerð í Uglu.]
- Embick, David og Rolf Noyer. 2001. Movement Operations after Syntax. *Linguistic Inquiry* 32.4:555-595.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1984. Af lýsingarorðsviðurlögum. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 6:57-80.
- Elffers, Els, Sies de Haan og Ina Schermer. 2012. Attributive past participles in Dutch. Í: *Between West and East: Festschrift for Wim Honselaar on the occasion of his 65th birthday*, bls. 125-166. R. Genis, E. de Haard, J. Kalsbeek, E. Keizer og J. Stelleman (ritstj.). Pegasus, Amsterdam.
- Friðrik Magnússon. 1984. Um innri gerð nafnliða í íslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 6:81-111.
- Giusti, Giuliana: 1997. The categorial status of determiners. Í: *The New Comparative Syntax*, bls. 95-123. Liliane Haegeman (ritstj.). Blackwell, Oxford/Cambridge.
- Guðjón Ragnar Jónasson. 2008. Ólafsfirska. MA-ritgerð í íslenskum fræðum. Háskóli Íslands, Reykjavík. URL: <<http://skemman.is/>>
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð*. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði. Íslensk tunga II. bindi. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Hale, Kenneth and Samuel Jay Keyser. 1993. On Argument Structure and the Lexical Expression of Syntactic Relations. Í: *The View from Building 20: Essays in Linguistics in Honor of Sylvain Bromberger*,

- bls. 53-109. Kenneth Hale og Samuel Jay Keyser (ritstj.). The MIT Press, Cambridge (MA)/London, Halldór Ármann Sigurðsson. 1993. The structure of the Icelandic NP. *Studia Linguistica* 47.2:177-197.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2006. The Icelandic Noun Phrase: Central Traits. *Arkiv för nordisk filologi* 121:193-236.
- Hankamer, Jorge og Line Hove Mikkelsen. 2002. A Morphological Analysis of Definite Nouns in Danish. *Journal of Germanic Linguistics* 14:137-175.
- Heimir Freyr van der Feest Viðarsson. 2014. Þáttur málstöðlunar í afstöðu sagnar til neitunar í 19. aldar íslensku: „málgreindir, sem mjer fannst eitthvert danskt óbragð að“. *Orð og tunga* 16:1-24.
- Hellan, Lars. 1986. The headedness of NPs in Norwegian. Í: *Features and Projections*, bls. 89-122. Pieter Muysken og Henk van Riemsdijk (ritstj.). Foris, Dordrecht.
- Hrafn Loftsson og Anton Karl Ingason. 2013. *IceNLP* [12.07]. Natural Language Processing (NLP) toolkit for analyzing and processing Icelandic text. URL: <<http://sourceforge.net/projects/icenlp/>>.
- Höskuldur Thráinsson [=Þráinsson]. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge Syntax Guides. Cambridge University Press, Cambridge.
- Höskuldur Þráinsson. 2010a. Innri og ytri breytileiki í fallmörkun. Hugvísindapening 6. mars, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Thráinsson [=Þráinsson]. 2010b. Predictable and unpredictable sources of variable verb and adverb placement in Scandinavian. *Lingua* 120: 1062–1088.
- Julien, Marit. 2005. *Nominal phrases from a Scandinavian perspective*. Linguistik aktuell 87. John Benjamins, Amsterdam/Philadelphia.
- Kjartan G. Ottósson. 1990. *Íslensk málhreinsun: sögulegt yfirlit*. Rit Íslenskrar málnefndar 6. Reykjavík.
- Kjartan Ottósson [=Kjartan G. Ottósson]. 2003. Heimenorsk innverknad på islandsk språk i mellomalderen, særleg i morfologien. Í: *Útnorður: West Nordic Standardisation and Variation*, bls. 111–152. Kristján Árnason (ritstj.). Institute of Linguistics/University of Iceland Press, Reykjavík.
- Konráð Gíslason. 1844. Bókafregn. *Fjölnir: Árrit handa Íslendingum* 7:71-104.
- Lander, Eric T. og Liliane Haegeman. 2013. Old Norse as an NP language: With observations on the Common Norse and Northwest Germanic runic inscriptions. *Transactions of the Philological Society* 112: 279-318.
- Lohndal, Terje. 2014. *Phrase Structure and Argument Structure*. A case study of the Syntax-Semantics Interface. Oxford Studies in Theoretical Linguistics 49. Oxford University Press, Oxford.
- Nilsen, Øystein. 2003. *Eliminating Positions: Syntax and semantics of sentence modification*. Doktorsritgerð, Trektarháskóli.
- Pfaff, Alexander. 2014. Inside and outside – Before and after. Í: *Adjectives in Germanic and Romance*, bls. 217-244. Petra Sleeman, Freek Van de Velde og Harry Perridon (ritstj.). Linguistik Aktuell 212. John Benjamins, Amsterdam/Philadelphia.
- Tesseract-OCR*. 2014. Útgáfa 3.03. Google. <<https://code.google.com/p/tesseract-ocr/>>.
- Vangsnes, Øystein Alexander. 2003. ‘Identifikasjon’ og morfologiens rolle i den nordiske nominalfrasen. Í: *Dialektsyntaktiska studier av den nordiska nominalfrasen*, bls. 113-194. Øystein Alexander Vangsnes, Anders Holmberg og Lars-Olof Delsing (ritstj.). Tromsø Studies in Linguistics 22. Novus, Oslo. [Bls.tal m.v. gerð í Uglu.]
- Wallenberg, Joel, Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Eiríkur Rögnvaldsson. 2011. *Icelandic Parsed Historical Corpus*. <http://www.linguist.is/icelandic_treebank/>. [Útgáfa 0.9]